

skoðun 12

2 SÉRBLÖÐ
í Fréttablaðinu
Allt
Fasteignir.is

Allt íslenskt
Tvær vinkonur opna vefverslun með íslenska hönnun.
allt 2

FRÉTTABLAÐIÐ

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Mánudagur
29. nóvember 2010
280. tölublað 10. árgangur
Sími: 512 5000

Á sér ekki hliðstæðu

Áhugafólk um forystufé vinnur að uppbyggingu fræðaseturs í Svalbarðshreppi í Þistilfirði.

tímamót 14

Bestu manna yfirsýn

Hvernig á maður að velja tuttugu og fimm manns úr fimm hundruð manna hópi?

í dag 13

Fimm marka maður

Dimitar Berbatov kom sér í sögubækurnar og United á toppinn í Englandi.

sport 22

veðrið í dag

HLÁNAR vestanlands í dag með dálítilli rigningu eða slyddu en austan til verður víða frost og nokkuð bjart veður. Strekkingur sums staðar NV-til, annars hægari vindur.

VEÐUR 4

Snjóflóðahætta á hundruðum bæja

Unnið er að mati á hættu af völdum snjóflóða á bóndabæjum og skíðasvæðum. Uppbyggingu varna í þéttbýli átti að ljúka í ár en mikið verk er enn óunnið.

ÖRYGGISMÁL Nokkur hundruð sveitabæir eru í töluverðri hættu vegna snjóflóða samkvæmt könnun Veðurstofu Íslands. Snjóflóð hafa ítrekað fallið á sveitabæi á seinni árum, þó að slys hafi aðeins orðið í einu tilviki.

Veðurstofan er nú að taka saman yfirlit fyrir yfirvöld og almannavarnanefndir um þekkt snjóflóðasvæði í dreifbýli. Ekki er þó um formlegt hættumat að ræða eins og gert er í þéttbýli.

„Ef eitthvað sérstaklega uggvænlegt kemur fram kann það að verða tilefni til aðgerða," segir Tómas Jóhannesson, jarðeðlisfræðingur hjá Veðurstofunni.

Uppbyggingu snjóflóðavarna í þéttbýli átti að ljúka í ár, en verkið er nú hálfnað. Milli sjö og átta milljörðum króna hefur verið varið til uppbyggingar á snjóflóðavörnum á síðustu fimmtán árum. Heildarkostnaður stefnir nú í um tuttugu milljarða króna. Framkvæmdir við snjóflóðavarnir verða litlar sem engar til ársins 2013 vegna tilmæla Alþjóðagjaldeyrissjóðsins. Eftir snjóflóðin á Flateyri og í Súðavík var gerð áætlun um að ljúka uppbyggingu snjóflóðavarna í þéttbýli fyrir árið 2010. Tómas segir ýmislegt hafa tafið fyrir. „Eðlilega var höfuðáhersla lögð á að verja þorp og bæi eftir slysin 1995. Búið er að byggja upp talsvert öryggisnet síðan þótt enn sé langt í land með að ljúka því verki."

Einnig er unnið að hættumati á skíðasvæðum. Þau alvarlegu slys sem orðið hafa á undanförnum árum hafa verið í dreifbýli og vegna ferðamennsku í óbyggðum, segir Tómas.

- shá, bj / sjá síðu 4

Þátttaka í sögulegu lágmarki:

Aðeins rúmur þriðjungur kaus

STJÓRNLAGAÞING Aðeins tæplega 36 prósent kosningabærra manna greiddu atkvæði í kosningum til stjórnlagaþings á laugardag samkvæmt upplýsingum frá landskjörstjórn.

Mest var kjörsóknin í Reykjavíkurkjördæmi suður, 41,2 prósent. Í Reykjavík norður kusu 39,4 prósent. Minnst var kosningaþátttakan í Suðurkjördæmi, þar sem 29,2 prósent greiddu atkvæði.

Í Norðausturkjördæmi kusu 30,5 prósent og 32,7 prósent í Norðvesturkjördæmi. Í Suðvesturkjördæmi nýtti 37,1 prósent kosningarétt sinn.

Slæm þátttaka í kosningunum veikir umboð þingsins til að endurskoða stjórnarskrána, segir Gunnar Helgi Kristinsson stjórnmálafræðiprófessor. Dræm þátttaka getur samt haft jákvæð áhrif á störf þingsins.

- bj / sjá síðu 6

STÓRI BJÖRN Tíu lítrar af lífrænum lit fóru í að mála ísbjörninn sem Bjargey Ólafsdóttir og samverkamenn hennar máluðu á Langjökul á laugardaginn. Verkið er 4.000 fermetrar að stærð.

MYND/CHRISTOPHER LUND

Loftslagslistaverk á Langjökli:

Ísbjörn málaður á jökulinn

UMHVERFISVERND Stærðarinnar vatnslitamynd af ísbirni var máluð á Langjökul á laugardaginn með lífrænum rauðum lit en listaverkið á að vekja athygli á hnattrænni hlýnun af manna völdum. Listakonan Bjargey Ólafsdóttir hafði yfirumsjón með verkefninu en alls komu þrettán manns að framkvæmdinni.

Verkið er hluti af umfangsmiklum listaverkum sem fjölþjóðlegur umhverfislistahópur, 350.org, hefur látið vinna víða um veröld og ísbjörninn á að minna á að tilvist hans sé í hættu vegna hlýnunar jarðar. Til verksins voru notaðir tíu lítrar af lífrænum lit sem blandaður var með 900 lítrum af vatni en litablöndunni var dreift með garðkönnum. Verkið er 80 sinnum 50 metrar að umfangi.

- jma

Wikileaks birtir 250 þúsund leynileg skjöl úr utanríkisþjónustu Bandaríkjanna:

Birta alls 290 skjöl frá Íslandi

UTANRÍKISMÁL Fjölmiðlar víða um heim birtu í gærkvöldi upplýsingar úr 250 þúsund leynilegum skjölum úr sendiráðum Bandaríkjanna víða um heim sem vefsíðan Wikileaks hefur undir höndum.

Ýmis samskipti bandarísku utanríkisþjónustunnar við stjórnvöld annarra ríkja eru reifuð í skjölunum. Auk þess er þar að finna berorðar lýsingar á fjölda stjórnmálamanna svo sem Nicolas Sarkozy, forseta Frakklands, Silvio Berlusconi, forsætisráðherra Ítalíu, og Vladimír Pútín, forsætisráðherra Rússlands.

Í skjölunum kunna að leynast upplýsingar um samskipti Bandaríkjamanna við íslensk stjórnvöld eða lýsingar á íslenskum stjórnmálamönnum. Enginn þeirra fjölmiðla sem fengið hafa aðgang að skjölunum hafði þó fjallað um íslensk málefni í gærkvöldi, en í gögnum á vefsíðu Guardian kemur fram að alls 290 skjöl eru frá sendiráði Bandaríkjanna í Reykjavík. Nýjasta skjalið er frá 24. febrúar 2010 en það elsta frá 20. desember 2005.

Tölvuþrjótar gerðu árás á vefsíðu Wikileaks um miðjan dag í gær og lá síðan niðri fram á kvöld. Búist er við því að skjölin birtist í heild sinni á vefsíðunni á næstu dögum.

- mþl / sjá síðu 8



SPURNING DAGSINS

Þóra, lyftirðu þér eitthvað upp í tilefni sigursins?

„Já, ég tók reyndar eina upphífingu þegar ég kom heim á upphífingarstönginni minni."

Þóra Þorsteinsdóttir vann keppnina um sterkustu konu landsins sem haldin var í Mosfellsbæ á dögunum. Þóra er með lyftingastöng, bekkpressubekk, heimasmíðaðan hnébeygjurekka og fleira til á heimilinu.

Ráðherrar funduðu með fulltrúum banka og lífeyrissjóða um helgina:

Hærri vaxtabætur í skoðun

EFNAHAGSMÁL Niðurstöðu úr viðræðum ríkisstjórnarinnar við banka og lífeyrissjóði um aðgerðir til hjálpar heimilunum er að vænta um miðja vikuna.

Viðræðurnar byggja að mestu leyti á hugmyndum sérfræðingahóps um skuldavanda heimilanna sem forsætisráðherra skipaði. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins hefur meðal annars verið rætt um hækkun vaxtabóta og bætta skuldaaðlögun.

Fimm ráðherrar ríkisstjórnarinnar hittu í gær fulltrúa lífeyrissjóða og banka þar sem farið var yfir hugmyndirnar.

„Við vonumst til að sjá til lands í þessu máli en með hvaða hætti niðurstaðan verður geri ég mér ekki grein fyrir því þetta er bæði flókið og erfitt," segir Arnar Sigurmundsson, formaður Landssamtaka lífeyrissjóðanna.

HEIMILIN Í LANDINU Rætt var um aðgerðir til hjálpar heimilunum á fundi fimm ráðherra og fulltrúa banka og lífeyrissjóða um helgina. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Guðjón Rúnarsson, framkvæmdastjóri fjármálafyrirtækja, segir jákvæðan vilja hjá aðilum til að ná saman í þessum málum. **- kh**

Grunur um salmonellu:

Matfugl kallar inn kjúkling

NEYTENDUR Komið hefur upp grunur um salmonellu í ferskum kjúklingi frá Matfugli ehf.

Fyrirtækið hefur kallað inn vörur með rekjanleikanúmerum 011-10-42-2-01 og 215-10-42-1-04 og dreifing á vörunni stöðvuð.

Í tilkynningu frá fyrirtækinu kemur fram að frekari rannsókna sé þörf til að staðfesta smitið. Hafi fólk keypt ferskan kjúkling er það beðið um að gæta að rekjanleikanúmerinu og skila þá kjúklingnum í viðkomandi verslun eða beint til Matfugls. **- sv**

MIKIÐ UM DÝRÐIR Reykvíkingar fjölmenntu á Austurvöll í gærdag þegar ljós Oslóartrésins voru tendruð. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Jólahátíð á Austurvelli:

Nær sextíu ára gömul hefð

FÓLK Ljós Oslóartrésins á Austurvelli voru tendruð í gærdag að viðstöddu fjölmenni en ellefu ára gamalli, norsk-íslenskri stúlku, Emblu Gabríelu Børgesdóttur Wigum, hlotnaðist sá heiður að kveikja ljósin. Norðmenn hafa gefið Íslendingum grenitré í nær sextíu ár og haldið hefur verið upp á gjöfina í mörg ár með leik og söng.

Áður en ljós trésins voru tendruð lék Lúðrasveit Reykjavíkur jólalög og Dómkórinn söng.

Auk þess sem ljósin skreyttu tréð prýddi jólaórói Styrktarfélags lamaðra og fatlaðra 2010 tréð eins og fyrri óróar félagsins hafa gert síðustu árin. **- jma**

Írland fær fjárstuðning:

Fá lánaða 85 milljarða evra

ÍRLAND Fjármálaráðherrar þeirra ríkja sem eiga aðild að evrusamstarfi náðu samkomulagi seinni partinn í dag um fjárhagsaðstoð við Írland. Upphæðin nemur 85 milljörðum evra.

Um 35 milljörðum evra verður varið í bankakerfið en um 50 milljarðar fara í rekstur ríkissjóðs.

Lánið er veitt með 5,8 prósenta vöxtum. - jhh

Staða Gunnars hjá Krossinum í óvissu

Það mun koma í ljós á næstu dögum hvort Gunnar Þorsteinsson, forstöðumaður Krossins, víkur vegna ásakana um kynferðisbrot. Stjórn safnaðarins fundaði um málið í gær. Fjölskyldan hyggst leita réttar síns vegna ásakananna.

FÓLK Ekki hefur verið tekin endanleg ákvörðun um hvort Gunnar Þorsteinsson, forstöðumaður Krossins, muni víkja í það minnsta tímabundið, í ljósi ásakana á hendur honum um kynferðislega áreitni.

Fimm konur hafa stigið fram á síðustu dögum og sakað Gunnar um kynferðislega áreitni, þar af hafa fjórar komið fram undir nafni. Sú fjórða, Jóhanna Sigrún Jónsdóttir, birti yfirlýsingu á Pressunni í gær, en ásakanir hennar á hendur Gunnari höfðu hingað til verið nafnlausar. Hin meintu kynferðisbrot áttu sér stað þegar konurnar voru börn eða unglingar að aldri og eru öll fyrnd að lögum.

Stjórn Krossins fundaði um málið í gær og segir Sigurbjörg Gunnarsdóttir, talsmaður Krossins, stjórnarmeðlimur og dóttir Gunnars, ekki útilokað að faðir hennar víki sem forstöðumaður á meðan málið er í skoðun.

„Jú, það kemur alveg til greina. En það er ekki búið að taka endanlega ákvörðun," segir hún. Sigurbjörg segir jafnframt að fjölskyldan muni leita réttar síns vegna málsins.

„Við erum með ákveðin gögn undir höndum og erum að bíða eftir lögfræðingum okkar. Þetta eru mjög alvarlegar ásakanir og við þeim verður brugðist."

Jónína Benediktsdóttir, eiginkona Gunnars, segir ásakanirnar mjög alvarlegar, hvern svo sem málið varði.

„Það skiptir engu máli hvaða maður á í hlut. Hann þarf auðvitað aðeins að stíga til hliðar á meðan verið er að vinna í málinu.

JÓNÍNA OG GUNNAR Það mun koma í ljós á næstu dögum hvort forstöðumaður Krossins mun víkja. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

> Þessar konur þurfa að fá áheyrn og við viljum gera allt til þess að það gerist. Þær eru að fremja mjög alvarlegt lögbrot.
>
> **JÓNÍNA BENEDIKTSDÓTTIR**

En Krossinn er náttúrulega Gunnar. Það er mjög erfitt að loka bara húsinu, við þurfum að ræða hvernig farið verður að því," segir Jónína. Hún tekur undir orð Sigurbjargar og segir að þau muni leita lagalegs réttar síns. „Þessar konur þurfa að fá áheyrn og við viljum gera allt til þess að það gerist. Þær eru að fremja mjög alvarlegt lögbrot." Hún segir gríðarlega jákvæða hreinsun hafa átt sér stað innan safnaðarins á síðustu dögum.

Jónína hélt predikun á samkomu Krossins í gær. Öll börn Gunnars töluðu einnig við samkomugesti, ásamt Gunnari og fleiri gestum. Varðandi það að fjölskylda hennar og Gunnars séu öflug innan safnaðarins segir Jónína:

„Já, við tökum bara boltann. Það er ástæða fyrir því að ég er komin hingað inn. Ég hef verið að predika hér mikið. Ég bara tek boltann á meðan hann er að vinna sig út úr þessu."

Gunnar segir fleiri munu koma ákvörðuninni um það hvort hann víki. Spurður hvort eiginkona hans taki við sem forstöðumaður víki hann var svarið: „Nei. Það er ekki í bígerð." **sunna@frettabladid.is**

MP banki skilar ekki uppgjöri:

Eigið fé banka undir lágmarki

EFNAHAGSMÁL MP banki hefur ekki birt uppgjör fyrir fyrri helming ársins. Eigið fé bankans er undir þeim mörkum sem Fjármálaeftirlitið (FME) hefur sett honum, en bankinn hefur sent uppgjör sitt þangað til yfirferðar. Þetta kom fram í fréttum RÚV í gærkvöldi.

Í yfirlýsingu frá bankanum kemur fram að stjórnendur og stjórn bankans séu sammála FME um að eigið fé bankans þurfi að styrkja. Vinnan við öflun eigin fjár gangi vel og niðurstöður eigi að liggja fyrir í lok desember.

„Lausafjárstaða bankans er sú sterkasta meðal íslenskra innlánsstofnana og samkvæmt lögum um fjármálafyrirtæki uppfyllir bankinn skilyrði um lágmarks eigið fé og hefur alltaf gert," segir Ragnar Þórir Guðgeirsson, stjórnarformaður MP banka, í yfirlýsingunni. - sv

Frelsissvipting og árás:

Í fangelsi eftir handrukkkun

DÓMSMÁL Héraðsdómur Reykjaness hefur dæmt Andra Vilhelm Guðmundsson í tveggja og hálfs árs fangelsi og Gunnar Jóhann Gunnarsson í tveggja ára fangelsi fyrir fjölmörg brot, þar á meðal frelsissviptingu og líkamsárás.

Andri og Gunnar Jóhann misþyrmdu fórnarlambi sínu, lokuðu inni í skáp með sterkri ljósaperu hangandi yfir höfði þess, hertu lykkju að hálsi þess og hótuðu líflláti. Mennirnir voru að innheimta fé sem þeir töldu sig eiga hjá fórnarlambinu vegna fíkniefna.

Þrír aðrir menn komu að málinu en hlutu vægari dóma. **- jss**

Tólf ára gömul stúlka hné niður í búningsklefa eftir skólasundtíma á Akureyri:

Tengd við gervihjarta um sinn

FÓLK Tólf ára gömul stúlka frá Akureyri, Helga Sigríður Sigurðardóttir, missti meðvitund í skólanum að loknum sundtíma síðastliðinn miðvikudag. Helga Sigríður hefur dvalið á gjörgæsludeild Landspítalans í hjarta- og lungnavél síðan þá en var flogið til Gautaborgar í gærdag þar sem hún verður áfram tengd gervihjarta um sinn. Talið er að Helga Sigríður hafi fengið hjartaáfall í sundlauginni en hjarta hennar hlaut mikinn skaða.

„Flugið gekk rosalega vel, með engum uppákomum, en um sinn mun Helga Sigríður vera tengd við gervihjarta meðan hennar hjarta er að gróa því það er illa farið. Þetta er langhlaup en hjartaígræðsla í því skyni að hún fái algerlega nýtt hjarta er ekki endilega næsta skref," segir Jón Gísli Egilsson, móðurbróðir Helgu Sigríðar. „Annars er allt frekar óljóst á þessari stundu með næstu skref. Foreldrar hennar eru komnir út og ég býst við að við nánustu aðstandendur skiptumst á að fara út."

Helga Sigríður fann til óþæginda í sundtíma, bað um fá að fara upp úr og í búningsklefanum kastaði hún upp og stuttu síðar missti hún meðvitund. Söfnun hefur verið hrundið af stað til styrktar fjölskyldu Helgu Sigríðar. Söfnunarnúmer er 0565-26-110378, kennitala 180470-3449. **- jma**

FLOGIÐ TIL GAUTABORGAR Sænsk læknasveit sótti Helgu Sigríði Sigurðardóttur á Landspítalann í gær og fylgdi henni áfram til Gautaborgar.

SONY
make.believe

Í Sony Center færðu 5 ára ábyrgð á sjónvörpum

5 ára ábyrgð á Sony BRAVIA sjónvörpum án nokkurs aukakostnaðar!

HOME CINEMA Choice ★★★★ BEST BUY

WHAT HI-FI? SOUND AND VISION ★★★★★

189.990,-

Sony BRAVIA 40" LCD sjónvarp
KDL-40EX500 40" 100hz LCD sjónvarp.
Mál: 99.2 x 59,9 x 9,9cm 14,2kg
„TV Product of the Year 2010" í What HiFi

- Full HD 1080x1920 upplausn
- MotionFlow 100hz
- Bravia Engine 3
- 4 HDMI tengi
- Bravia Internet Video
- USB media player
- Picture Frame mode

149.990,-

Sony BRAVIA 32" LCD sjónvarp
KDL-32EX500
32" 100hz LCD sjónvarp.
Mál: 80.0 x 49.7 x 9,6cm 9,9kg.

- Full HD 1080x1920 upplausn
- MotionFlow 100hz
- Bravia Engine 3
- 4 HDMI tengi

249.990,-

Sony BRAVIA 40" LED sjónvarp
KDL-40EX710
40" 100hz LED sjónvarp.
Mál: 95.2 x 61.3 x 7,4cm

- Full HD 1080x1920 upplausn
- MotionFlow 100hz
- Bravia Engine 3
- 4 HDMI tengi

279.990,-

Sony BRAVIA 40" LED sjónvarp
KDL-40NX700
40" 100hz LED sjónvarp.
Mál: 99,4 x 63.5 x 6,4cm 19,2kg.

- Full HD 1080x1920 upplausn
- MotionFlow 100hz
- Deep Black panel
- Wi-Fi innbyggt þráðlaust net

18.990,-

Sony DVD spilari
DVP-S600H
Spilar DVD og CD.
HDMI stafræn tenging við sjónvarp.

- Vandaður DVD spilari og region free
- Upscaling úr DVD í háskerpu
- HDMI útgangur
- MP3, JPEG and DivX afspilun

39.990,-

Sony Vídeótökuvél
DCR-SX33
Lítil og meðfærileg vídeótökuvél.
Tekur á minniskort.

- 60x aðdráttur (optical)
- Face detection
- SteadyShot hristivörn
- Snertiskjár

24.990,-

Sony iPod vekjaraklukkuvagga
ICF-DS11iP
Vaknaðu við tónlistina úr iPodinum þínum.

- FM/AM útvarp / A og B vekjari
- iPod vagga að framan
- Fjarstýring sem stýrir líka iPodinum
- Stórt letur á klukku

Heill heimur upplifunar í Sony Center - og heitt kaffi á könnunni yfir jólin!

Sony Center

Kringlunni • S: 588 7669 • www.sonycenter.is

GENGIÐ 26.11.2010

GJALDMIÐLAR	KAUP	SALA
Bandaríkjadalur	115,33	115,89
Sterlingspund	181,03	181,91
Evra	152,68	153,54
Dönsk króna	20,481	20,601
Norsk króna	18,714	18,824
Sænsk króna	16,417	16,513
Japanskt jen	1,3763	1,3843
SDR	177,09	178,15

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
205,8533
HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Sameiginlegar heræfingar Suður-Kóreu og Bandaríkjanna hófust í gær:

Mikil spenna á Kóreuskaga

SUÐUR-KÓREA, AP Bandarískt flugmóðurskip, fjögur bandarísk herskip og suður-kóreskur tundurspillir tóku sér stöðu á Gulahafi í gærmorgun við upphaf sameiginlegrar heræfingar ríkjanna.

Æfingin fer fram einungis fimm dögum eftir að norður-kóreski herinn gerði stórskotaliðsárás á suður-kóresku eyjuna Yeonpyeong og varð tveimur að bana auk þess að leggja tugi bygginga í rúst.

Stjórnvöld í Norður-Kóreu hafa varað við því að heræfingin gæti komið af stað stríði milli nágrannaríkjanna. Bandarískir og suður-kóreskir ráðamenn hafa aftur á móti sagt að æfingin sé hugsuð sem viðvörun til Norður- Kóreumanna sem hugsi sig vonandi tvisvar um áður en þeir ráðist aftur á Suður-Kóreu.

Kínversk stjórnvöld hafa kallað eftir neyðarráðstefnu ríkja í nágrenni Kóreuskaga í byrjun desember til þess að reyna að róa eldfimt ástandið. Ráðamenn í Suður-Kóreu hafa hins vegar verið tregir til að samþykkja slíka ráðstefnu þar til nágrannar þeirra láta af auðgun úrans.

Samskipti ríkjanna á Kóreuskaga, sem áttu í þriggja ára stríði á árunum 1950 til 1953, hafa versnað til muna síðan ríkisstjórn Lee Myung-bak tók við völdum í Suður-Kóreu árið 2008. Sú stjórn hefur komið fram af meiri hörku við granna sína en ráðamenn þar hafa átt að venjast.

Yfirvöld í Norður-Kóreu hafa sakað Suður-Kóreumenn um að ögrað þá til árásarinnar á þriðjudag og hafa hótað því að bregðast við „án miskunnar“ ef heræfingin sem hófst í gær færist of nálægt landamærum ríkjanna. - mþl

GULAHAF Í GÆR Fjögur bandarísk herskip auk flugmóðurskips taka þátt í heræfingunni á Gulahafi. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Skiptum lokið á fraktfélagi:

Lítið fékkst upp í 892 milljónir

VIÐSKIPTI Óverulegar eignir fundust í þrotabúi Atlantsskipa-Evrópu sem varð gjaldþrota fyrir rétt tæpu ári.

Lýstar kröfur í þrotabúið námu 891,6 milljónum króna, en skiptum á búinu var lokið 12. nóvember síðastliðinn, að því er fram kemur í Lögbirtingablaðinu. Fram kemur að eignir félagsins hafi ekki hrokkið fyrir skiptakostnaði.

Atlantsskip-Evrópa hóf rekstur í apríl 2002 og keppti við bæði Eimskip og Samskip um fraktflutninga. Haustið 2008 samdi fyrirtækið við Eimskip um að flutningar félagsins flyttust þangað. Um leið hætti félagið rekstri skipanna Jan Mitchell og Kársness. - óká

Franskur sagnfræðingur:

Bastillan var lúxusfangelsi

FRAKKLAND, AP **„Ég held því fram að hún hafi verið fimm stjörnu fangelsi,“ segir franski sagnfræðingurinn Claude Quetel, sem hefur sett upp í París sýningu tileinkaða Bastillunni, fangelsinu sem reiður múgur réðst á í upphafi frönsku byltingarinnar árið 1789.**

Að meðaltali voru 40 fangar í fangelsinu ár hvert. Þeir höfðu eigin klefa til umráða, sumir jafnvel heilar íbúðir og gátu þá haft húsmuni með sér að heiman og máttu bjóða vinum sínum í matarveislur.

Þangað voru hvorki sendir þjófar né morðingjar heldur fólk sem raskaði ró heldri stéttanna, svo sem heimspekingurinn Voltaire og rithöfundurinn Marquis de Sade. - gb

Uppbygging snjóflóðavarna í þéttbýli einungis hálfnuð

Síðan 1995 hefur sjö til átta milljörðum króna verið varið til uppbyggingar snjóflóðavarna. Ellefu þéttbýlisstaði þarf að verja. Metinn kostnaður um 20 milljarðar. Rannsókn sýnir að snjóflóðahætta er mikil víða.

ÖRYGGISMÁL Kerfisbundin könnun Veðurstofu Íslands á snjóflóðahættu í dreifbýli bendir til að nokkur hundruð sveitabæir séu í töluverðri hættu. Uppbyggingu snjóflóðavarna í þéttbýli átti að ljúka í ár en verkið er aðeins hálfnað.

Á fimmtán árum hefur á milli sjö til átta milljörðum króna verið varið til uppbyggingar á flóðavörnum en heildarkostnaður stefnir í að verða allt að tuttugu milljarðar. Framkvæmdir verða litlar sem engar til ársins 2013 vegna tilmæla Alþjóðagjaldeyrissjóðsins.

Verið er að taka saman yfirlit fyrir yfirvöld og almannavarnanefndir um þekkt snjóflóðasvæði í dreifbýli. Snjóflóð hafa ítrekað fallið á sveitabæi á seinni árum, þó ekki hafi orðið slys nema í einu tilviki. Kannaðar eru heimildir og viðtöl tekin við staðkunnuga og heimamenn. Síðan eru aðstæður kannaðar á öllum lögbýlum með tilliti til snjóflóðahættu þó ekki sé um formlegt hættumat að ræða eins og í þéttbýli. „Ef eitthvað sérstaklega uggvænlegt kemur fram kann það að verða tilefni til aðgerða,“ segir Tómas Jóhannesson, jarðeðlisfræðingur hjá VÍ.

Tómas segir að eftir snjóflóðin á Flateyri og í Súðavík hafi verið gerð áætlun um að ljúka uppbyggingu snjóflóðavarna í þéttbýli fyrir árið 2010. Ýmislegt hafi hins vegar tafið fyrir. „Eðlilega var höfuðáhersla lögð á að verja þorp og bæi eftir slysin 1995. Búið er að byggja upp talsvert öryggisnet síðan þó enn sé langt í land með að ljúka því verki.“

Snjóflóðavarnir í þéttbýli



Flateyri Varnargarðar hafa verið reistir.
Súðavík Flutningi íbúðarbyggðarinnar er lokið.
Ísafjörður Varnargarður fyrir Seljalandshverfi hefur verið reistur og varnarfleygur ofan sorpbrennslunnar Funa; nokkur önnur verkefni hafa verið undirbúin.
Bolungarvík Varnargarður ofan byggðarinnar er í byggingu.
Bíldudalur Leiðigarður hefur verið reistur neðan Búðargils, þörf er á frekari varnaraðgerðum á nokkrum stöðum.
Patreksfjörður Tvö verkefni hafa verið undirbúin.
Ólafsvík Stoðvirki og varnargarðar hafa verið reist, frekari framkvæmdir eru ekki fyrirhugaðar.
Siglufjörður Lokið er byggingu umfangsmikilla varnargarða og fyrsti áfangi stoðvirkja hefur verið reistur; eftir er að reisa umfangsmikil stoðvirki í hlíðinni ofan miðhluta bæjarins.
Ólafsfjörður Leiðigarður hefur verið byggður ofan við heilsugæsluna og dvalarheimili aldraða að Hornbrekku, frekari framkvæmdir eru ekki fyrirhugaðar.
Neskaupstaður Lokið er byggingu varnargarðs og stoðvirkja undir Drangagili, unnið er að byggingu stoðvirkja undir Tröllagiljum; eftir eru nokkur stór verkefni sem hafa verið undirbúin að hluta.
Seyðisfjörður Lokið er byggingu varnargarða á Brún í Bjólfi, frekari varnaraðgerða er þörf annars staðar en þær hafa ekki verið útfærðar.
Eskifjörður Frumathugun um varnir fyrir bæinn hefur verið unnin en framkvæmdir eru ekki hafnar.
Aðrir staðir Þörf kann að vera fyrir einhverjar varnaraðgerðir á nokkrum öðrum stöðum en tillögur um það hafa ekki verið mótaðar.

Utan þéttbýlis segir Tómas að verið sé að vinna hættumat á skíðasvæðum í samstarfi við rekstraraðila skíðasvæðanna. „En þau alvarlegu slys sem hafa orðið á síðustu árum hafa verið í dreifbýlinu og vegna ferðamennsku í óbyggðum. Þar hefur bæði fólk látið lífið og legið við mjög alvarlegum slysum. Síðan eru fjölmargir vegakaflar víða um landið þar sem er ofanflóðahætta.“

Samtals hafa 53 látið lífið í snjóflóðum sem fallið hafa á heimili, vinnustaði eða á opin svæði í þéttbýli á tímabilinu 1974 til 2010, en 18 hafa látist af völdum snjóflóða og skriðufalla á ferðalögum eða í óbyggðum á sama tímabili. Fjárhagslegt tjón samfélagsins vegna ofanflóða hér á landi síðustu 36 árin er áætlað um 15 milljarðar króna. Efnislegt tjón er einnig gríðarlegt. svavar@frettabladid.is

VEÐURSPÁ

Ingibjörg Karlsdóttir veðurfréttamaður

HLÝNANDI

Það hlánar vestanlands í dag og á morgun verður orðið frostlaust víða á láglendi. Lítils háttar úrkoma verður vestanlands næstu daga en nokkuð bjart um landið austanvert.



HEIMURINN

Alicante	11°
Basel	6°
Berlín	-1°
Billund	1°
Frankfurt	-2°
Friedrichshafen	-1°
Gautaborg	1°
Kaupmannahöfn	1°
Las Palmas	24°
London	3°
Mallorca	12°
New York	9°
Orlando	27°
Ósló	-9°
París	0°
San Francisco	12°
Stokkhólmur	-5°

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS – AUGLÝSINGASTJÓRI: Jón Laufdal *jonl@frettabladid.is* ALMENNAR SÍMI 512-5401: Hendrik Sigurðsson *hendrik@frettabladid.is*, Guðmundur Steinsson *gudmundurs@365.is*, Laila Awad *laila@365.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is*, Sigmundur Halldórsson *sigmundur@frettabladid.is* ALLT SÍMI 512-5402: Jóna María Hafsteinsdóttir *jmh@365.is*, Henný Árnadóttir *henny@365.is*, Þórdís Hermannsdóttir *thordish@365.is* SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5016: Sigríður Hallgrímsdóttir *sigridurh@frettabladid.is*, Hlynur Þór Steingrímsson *hlynurs@365.is*, Bjarni Þór Sigurðsson *bthor@365.is*, Benedikt Freyr Jónsson *benediktj@365.is* RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403: Hrannar Helgason *hrannar@365.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407: Sigurlaug Aðalsteinsdóttir *sigurlaug@365.is*, Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is*, Guðný Gunnlaugsdóttir *gunny@365.is*

Því tíminn flýgur

ICELANDAIR CARGO

FYRIR EYJU Í MIÐJU ATLANTSHAFINU ER ÖFLUGT LEIÐAKERFI EINFALDLEGA SPURNING UM LÍFSGÆÐI OG VERÐMÆTI.

Við erum alltaf í kapphlaupi við tímann og viljum að fjárfestingar skili sem mestum arði. Leiðakerfi Icelandair Cargo er byggt upp til að mæta þörfum viðskiptavina okkar. Þess vegna fljúgum við til svo margra áfangastaða.

Á hverjum einasta degi fljúgum við hjá Icelandair Cargo með vörur til og frá Íslandi.

ÍSLENSKA SIA.IS ICE 52304 11/10

KJÖRKASSINN



Er jólaundirbúningur hafinn á þínu heimili?

Já	61,8%
Nei	38,2%

SPURNING DAGSINS Í DAG:

Telur þú skjalabirtingar Wikileaks af hinu góða?

Segðu þína skoðun á visir.is

VÍSIR

Lagt til að nefnd verði sett á fót sem skoði verklag og ákvarðanatöku bankanna:

Rannsaki sögusagnir um mismunun

ALÞINGI Frumvarp til laga um rannsókn á starfsemi fjármálafyrirtækja á tímabilinu frá október 2008 til ársloka 2009 er nú til umfjöllunar í viðskiptanefnd.

Í greinargerð þess segir að ýmsar sögusagnir hafi gengið um ósamræmd og ógagnsæ vinnubrögð af hálfu fjármálafyrirtækja og hafi margir leitt að því líkur að viðskiptavinum hafi verið mismunað og hvorki hugað að samkeppnisné jafnræðissjónarmiðum. Markmið frumvarpsins er að leiða hið sanna í ljós.

Í Fréttablaðinu á fimmtudag var fjallað um fjölda rannsókna sem þingmenn hafa lagt til að ráðist verði í. Þar láðist að geta ofangreinds frumvarps. - bþs

Starfsemi bankanna verði rannsökuð

Þriggja manna rannsóknarnefnd, skipuð hæstaréttardómara, lögfræðingi og sérfræðingi á sviði fjármálamarkaða, rannsaki verklag og ákvarðanatöku fjármálafyrirtækja á tímabilinu október 2008 til ársloka 2009. Nefndin skal meta hvort mistök, mismunun eða óeðlilegir starfshættir hafi átt sér stað á þessum tíma.

Guðlaugur Þór Þórðarson Sjálfstæðisflokki er fyrsti flutningsmaður. Tólf aðrir sjálfstæðismenn eru flutningsmenn að málinu auk tveggja framsóknarmanna og tveggja samfylkingarmanna.

Ráðherra skipar starfshóp:

Skoða á stöðu svínaræktar

LANDBÚNAÐUR Jón Bjarnason landbúnaðarráðherra hefur skipað starfshóp sem fjalla á um þann vanda er steðjar að svínarækt í landinu.

Svínarækt á Íslandi hefur á einum áratug gengið í gegnum tvö tímabil offramleiðslu, gjaldþrota og verðfalls afurða, að því er fram kemur í tilkynningu frá ráðuneytinu.

Starfshópurinn mun einnig fjalla um aðbúnað og meðferð svína á Íslandi. - mþl

Lagfæringar í Hveragerði:

Taka 3 prósent af bæjarstjóra

SVEITARSTJÓRNIR Laun bæjarstjóra Hveragerðis, Aldísar Hafsteinsdóttur, lækka um þrjú prósent með nýjum ráðningarsamningi.

ALDÍS HAFSTEINSDÓTTIR

Í stað fastra yfirvinnugreiðslna fer bæjarstjórinn á föst laun. Það sama gildir um laun skólastjóra grunnskólans.

Fulltrúi minnihluta Alistans sagði í bæjarráði að breytingin rímaði vel við tillögur minnihlutans frá því í vor. „Þetta breytir þó engu um fyrri afstöðu minnihlutans, sem telur að launakjör bæjarstjórans séu í engu samræmi við launakjör annarra starfsmanna bæjarins og bága fjárhagsstöðu," sagði í bókun fulltrúa minnihlutans, sem sagði í vor að laun bæjarstjórans með hlunnindum næmu 1.050.000 krónum. - gar

Ósáttir kjósendur á Álftanesi:

Lokuðu kjörstað of snemma

STJÓRNLAGAÞING Landskjörstjórn hefur borist ábending um að kjörstað á Álftanesi hafi verið lokað of snemma á kjördag. Ástráður Haraldsson, formaður landskjörstjórnar, staðfestir að ábending um þetta hafi borist frá kjósanda. Hann málið í skoðun. „Við erum að afla upplýsinga um það hvernig þessu víkur við en málið er í raun og veru ekki komið lengra," segir Ástráður Haraldsson. Hann segir að verið sé að skoða hvernig bregðast eigi við þessu. Von sé á greinargerðum frá aðilum sem þarna áttu hlut að máli.

Á kosningavefsíðu dóms- og mannréttindamálaráðuneytisins var greint frá því að kjörstaðir yrðu almennt opnir frá klukkan 9 til klukkan 22 að kvöldi. Þó hefðu einstaka kjörstjórnir ákveðið, eins og þeim er heimilt, að byrja síðar og/eða hætta fyrr. Í frétt á vef Álftanesbæjar 23. nóvember kom fram að kjörstaður myndi opna klukkan 10 og kjörfundi ljúka klukkan 21. - jhh

Stjórnlagaþing þarf að sannfæra þing og þjóð

Aðeins 36 prósent kosningabærra manna kusu til stjórnlagaþings. Margar samverkandi ástæður höfðu áhrif á kjörsókn segir stjórnmálafræðingur. Umboð þingsins er veikara, en dræm kjörsókn gæti haft jákvæð áhrif á störf þess.

FRÉTTASKÝRING

Hvaða afleiðingar gæti dræm kosningaþátttaka í kosningum til stjórnlagaþings haft?

Dræm kjörsókn í kosningum til stjórnlagaþings á laugardag gæti haft jákvæð áhrif á störf þingsins, segir Gunnar Helgi Kristinsson stjórnmálafræðiprófessor.

Aðeins 35,97 prósent kosningabærra manna nýttu kosningarétt sinn í kosningunum, samkvæmt upplýsingum frá kjörstjórn. Niðurstaðna er að vænta í dag.

Gunnar Helgi segir að leita verði meira en 100 ár aftur í tímann til að finna alþingiskosningar þar sem kjörsókn hafi verið minni en í kosningunum á laugardaginn.

Slæm þátttaka í kosningunum þýðir að umboð stjórnlagaþings til að endurskoða stjórnarskrána verður veikara. Auðveldara verður fyrir stjórnmálamenn að hundsa þær niðurstöður þingsins sem ekki eru þeim þóknanlegar, enda niðurstaða þingsins aðeins leiðbeinandi fyrir Alþingi.

Gunnar Helgi bendir þó á að dræm þátttaka geti þrátt fyrir allt haft jákvæð áhrif á störf þingsins. Hefði kjörsókn verið mikil hefði mátt búast við að erfitt yrði að hrófla við niðurstöðum þingsins, og því engin ástæða fyrir þá sem þar ná kjöri að komast að hófsamri niðurstöðu sem þjóðin öll geti sameinast um.

Með veikara umboð verða því þingmenn á stjórnlagaþinginu að eiga meiri samræður við alþingismenn og þjóðina alla, og í raun sannfæra aðra um að þeirra hugmyndir um breytta eða nýja stjórnarskrá séu skynsamlegar, segir Gunnar Helgi.

„Svo framarlega sem stjórnlagaþingið fer ekki út í einhverja vitleysu í tillögum sínum tel ég að það mæti almennt mjög jákvæðu viðhorfi hjá Alþingi," segir hann.

Slæm þátttaka í kosningunum á laugardag komi fáum á óvart, en margar samverkandi ástæður höfðu áhrif á kjörsóknina, segir Gunnar Helgi.

„Þetta var ekki vel heppnað kosningafyrirkomulag," segir Gunnar Helgi. Hann segir fyrirkomulagið hafa krafist mikillar fyrirhafnar af hálfu kjósenda, sem hafi þurft að vinna heimavinnu fyrir þessar kosningar, ólíkt öðrum kosningum.

Lítið varð vart við kosningabaráttu, og það sem sást snérist ekki um málefni eða persónur, segir Gunnar Helgi. Engar fylkingar hafi orðið til og tekist á um grundvallarsjónarmið, sem hefði getað aukið áhuga á kosningunum. Meðal annars þess vegna hafi margir átt erfitt með að taka afstöðu til frambjóðenda, enda 522 í kjöri.

Þá hefur það eflaust haft áhrif á þátttöku hversu umdeildar kosningarnar voru. Gunnar Helgi bendir á að einhver fjöldi fólks hafi ekki séð þörf fyrir stjórnlagaþing á þessum tímapunkti, og margir hafi setið heima þess vegna.

Kosningar til stjórnlagaþings eru þriðju kosningarnar sem fram fara á árinu. Kosningaþreyta er því líklega enn ein ástæðan fyrir dræmri kjörsókn, segir Gunnar Helgi.

brjann@frettabladid.is

Kjörsókn á landsvísu í nýlegum kosningum



Heimild: Hagstofan og Landskjörstjórn

Íslenska grjótið á þaki nýbyggingar á Lækjartorgi mun ódýrara en innflutt skífa:

Fermetri af stuðlabergi á 16 þúsund

FRAMKVÆMDIR Stuðlabergsskífurnar á húsið sem Reykjavíkurborg er að láta reisa á Lækjargötu 2 kostuðu um sextán þúsund krónur á fermetrann.

Eins og fram hefur komið í Fréttablaðinu hefur stuðlaberg ekki áður verið notað í þakklæðningar svo vitað sé. Stuðlabergið á Lækjargötu er úr námu jarðarinnar Hrepphólar í Hrunamannahreppi. Steinsmiðjan S. Helgason skar efnið í skífur.

Kristín Einarsdóttir, aðstoðarsviðsstjóri á framkvæmda- og eignasviði Reykjavíkurborgar, bendir á að fermetrinn af skífum á húsinu á Höfða hafi kostað um 27 þúsund krónur á fermetrann. Það mun hafa verið svokölluð Alta-skífa frá Noregi.

„Bárujárn er um það bil helmingi ódýrara og sjálfsagt hefði verið hægt að fá innfluttar þakskífur fyrir eitthvað minna en 27 þúsund krónur. Það var ekki reynt heldur var ákveðið að fara í þróunarvinnu með það efni sem var til innanlands," segir Kristín og vísar í þessu samhengi til bágrar stöðu eftir bankahrunið.

„Niðurstaðan var þessar fallegu þakskífur sem nú eru komnar á þakið," segir Kristín. - gar

Í LANDI HREPPHÓLA Þakklæðningin á Lækjargötu 2 er úr stuðlabergsnámu í Hrepphólum í Hrunamannahreppi.

FRÉTTABLAÐIÐ/SVAVAR

Fiskfars 550 kr.kg
Fiskhakk 790 kr.kg
Fiskbollur 899 kr.kg
Sjáumst eldhress á eftir.
Siginn fiskur frá Bolungarvík.
Humarsoðið frá Hornafirði er komið, alvöru humarsoð, engin aukaefni né litarefni.
Fiskikóngurinn • Sogavegi 3 • sími 587 7755

HORFÐU Á ÞÁTTINN 3. DES
Í OPINNI DAGSKRÁ Á STÖÐ 2
DAGUR RAUÐA NEFSINS 3. DES '10
unicef
LÁTTU EKKI RIGNA UPP Í NEFIÐ Á ÞÉR!
Rauðu nefin fást í verslunum Hagkaups og Bónuss og í útibúum Íslandsbanka
www.rauttnef.is

Epli og spil

MacBook 13”

2,4GHz Intel Core 2 Duo
2GB innra minni
250GB harður diskur
NVIDIA GeForce 320M 256MB skjástýring
Innbyggð iSight vefmyndavél
Tvö USB 2.0 tengi
Þráðlaust WiFi netkort (801.11n), Bluetooth
Allt að 10 klst rafhlöðu ending

Verð: 169.990,-

MacBook Air

Nýlent

MacBook Air 11”
Intel Core 2 Duo
2-4 GB innra minni
64/128 GB SSD diskur
Aðeins 1kg
Verð frá: 179.990.-

MacBook Air 13”
Intel Core 2 Duo
2-4 GB innra minni
128/256 GB SSD diskur
Aðeins 1,32kg
Verð frá: 239.990.-

iMac 21,5”

1920 x 1080 dílar; milljónir lita; IPS-tækni
4GB 1066MHz DDR3 SDRAM
500GB Serial ATA, 7200 rpm Harður diskur
NIVIDIA GeForce 9400M
Innbyggð iSight vefmyndavél (1,3MP upplausn)
Fjögur USB 2.0, Eitt FireWire 800, SD-kortarauf
Innbyggt Airport Extreme (802.11n)
Innbyggt Bluetooth 2.1 + EDR
Þráðlaust íslenskt lyklaborð og þráðlaus Magic Mouse

Verð frá 209.990.-

Nýr Office Pakki fyrir Mac

Office : mac 2011

Microsoft hefur gefið út nýja útgáfu af hinum vinsæla Office pakka fyrir Mac.

Verð frá 18.990.-

Opið til 21

alla fimmtudaga

Ókeypis námskeið

www.epli.is/fraedsla

Nýr iPod nano

8GB - 35.990.-
16GB - 43.990.-

Geymir allt að 4000 lög
Allt að 24 klst rafhlöðuending
Vegur aðeins 21g
FM útvarp
7 litir

Apple búðin
Sími 512 1300
Laugavegi 182

Afgreiðslutími:
Mán. - mið. 10-18 | Fim. 10-21
Fös. 10-18 | Lau. 12-16

www.epli.is

epli.is

Með fyrirvara um prentvillur og verðbreytingar.

VEISTU SVARIÐ?



1. *Hvaða fréttastöð valdi Reykjavík sem einn af tíu bestu stöðum til að verja jólunum á?*
2. *Hver er titill nýútkominnar skáldsögu Kristínar Steinsdóttur?*
3. *Hver skrifar um þessar mundir handrit um vistheimilið Silungarpoll?*

SVÖR

1. Fréttastöðin CNN. 2. Ljósa. 3. Guðrún Ragnarsdóttir.

Framtakssamar konur safna jólagjöfum handa börnum:

Allir geta verið hjálparsveinar

SAMFÉLAGSMÁL Átakinu Hjálparsveinar hefur verið ýtt úr vör en markmið þess er að létta börnum lífið og leyfa þeim að njóta lífsins í faðmi fjölskyldunnar um jólin.

Hjálparsveinar eru hluti af starfi Barnabross sem Andrea Margeirsdóttir og Rannveig Sigfúsdóttir stofnuðu í haust.

Átakið stendur til 6. desember og eru áhugsamir beðnir að skila lítilli gjöf eða fjárframlagi til kaupa á gjöf á sölustaði Olís. Fulltrúar Hjálparstofnunar kirkjunnar og námsráðgjafar í skólum munu svo dreifa gjöfunum til viðeigandi aðila um land allt. Andrea segir að verkefnið hafi gengið mjög vel þessa fyrstu daga. „En við þurfum að fá enn fleiri með okkur í þetta. Það er ekkert mál að taka þátt. Til dæmis hefur fólk á vinnustöðum tekið sig saman með þeim hætti að hver og einn hefur komið með eina gjöf og svo hefur verið farið með þær allar í einu til Olís," segir Andrea.

Hún segir Hjálparsveina alls staðar hafa mætt miklum hlýhug og vonar að sem flestri geti tekið þátt. Nánari upplýsingar er að finna á heimasíðunni barnabros.is á Netinu. **- þj**

SAMTAKAMÁTTUR Þær Andrea og Rannveig í Barnabrosum taka höndum saman með jólasveinum og öðrum góðum fyrir jólin. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Kostnaður umferðarslysa:

Banaslys kosta 350 milljónir

UMFERÐARMÁL Hvert banaslys í umferðinni kostar samfélagið um 356,2 milljónir króna, eða 17,3 milljónir danskra króna. Er það samkvæmt nýjustu útreikningum sem gerðir hafa verið fyrir danska samgönguráðuneytið. Umferðarstofa greindi frá málinu í síðustu viku. Þeir þættir sem liggja til grundvallar útreikningunum eru meðal annars kostnaður við útköll lögreglu og björgunarliða, lækna, vinnutap fórnarlambsins og fjölskyldu þess svo eitthvað sé nefnt. **- sv**

Áhrif óbeinna reykinga kortlögð í nýrri rannsókn:

Kosta um 600 þúsund líf á hverju ári

VÍSINDI Óbeinar reykingar kosta 600 þúsund manns lífið ár hvert. Þetta er niðurstaða nýrrar rannsóknar, sem birt er í breska læknatímaritinu Lancet.

Rannsökuð voru gögn frá árinu 2004 frá alls 192 löndum. Í ljós kom að 40 prósent barna og þrjátíu prósent karla og kvenna sem ekki reykja anda reglulega að sér reyk frá reykingafólki.

Vísindamennirnir telja að óbeinar reykingar séu ár hvert valdar að 379 þúsundum þeirra dauðsfalla, sem stafa af hjartasjúkdómum, 165 þúsundum dauðsfalla vegna lungnabólgu eða skyldra sjúkdóma, 36.900 dauðsfalla vegna astma og 21.400 dauðsfalla vegna lungnakrabbameins.

Þessi 600 þúsund dauðsföll bætast við þær 5 milljónir manna sem ár hvert láta lífið vegna beinna reykinga.

„Þetta hjálpar okkur að skilja þann raunverulega toll sem tóbakið tekur," segir Armando Perurga, framkvæmdastjóri hjá Alþjóðaheilbrigðisstofnuninni. **- gb**

REYKINGAR Fjörutíu prósent barna stunda óbeinar reykingar, samkvæmt rannsókninni. NORDICPHOTOS/AFP

JULIAN ASSANGE Wikileaks lá niðri fram eftir degi í gær eftir árás tölvuþrjóta í aðdraganda skjalabirtingarinnar. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Fyrirskipaði að njósnað skyldi um SÞ

Hillary Clinton, utanríkisráðherra Bandaríkjanna, gaf frá sér skipun um að njósnað skyldi um forystu Sameinuðu þjóðanna. Þetta kemur fram í skjölum sem vefsíðan Wikileaks hefur undir höndum.

WASHINGTON, AP Upplýsingar úr 250 þúsund leynilegum skjölum sem vefsíðan Wikileaks hefur undir höndum, voru birtar í fjölmiðlum víða um heim í gærkvöldi. Skjölin sem um ræðir koma úr sendiráðum Bandaríkjanna um allan heim og veita sjaldséða innsýn í starfsemi bandarísku utanríkisþjónustunnar.

Meðal þess sem kemur fram í skjölunum er að Abdullah, konungur Sádi-Arabíu, og fleiri leiðtogar í arabaheiminum hafa hvatt Bandaríkin til að gera innrás í Íran til bregðast við tilraunum Írana til að koma sér upp kjarnavopnum. Þar er einnig lýst yfir miklum áhyggjum af öryggi kjarnaefna í Pakistan sem nota mætti til að smíða kjarnavopn og sagt er frá umfangsmiklu tölvuþrjótaneti kínverskra stjórnvalda.

Bandarísk stjórnvöld fordæmdu skjalabirtinguna í gær og sögðu hana stefna lífi bandarískra ríkisborgara í hættu. Julian Assange, stofnandi Wikileaks, vísaði gagnrýninni á bug og sagði bandarísk stjórnvöld hrædd við að svara fyrir gjörðir sínar.

Tölvuþrjótar réðust á Wikileaks um miðjan dag í gær og lá síðan niðri fram á kvöld. Nokkrir alþjóðlegir fjölmiðlar, þar á meðal New York Times og The Guardian, höfðu hins vegar fengið aðgang að skjölunum með fyrirvara og birtu upplýsingar úr þeim í gærkvöldi.

Einhvers misskilnings virðist gæta um tengsl Wikileaks við Ísland því Liz Cheney, fyrrum starfsmaður í utanríkisráðuneyti Bandaríkjanna og dóttir Dicks Cheney fyrrum varaforseta, kom fram á sjónvarpsstöðinni Fox News í gær og hvatti þar íslensk stjórnvöld til að loka fyrir vefsíðuna.

magnusl@frettabladid.is

250 þúsund leynileg skjöl úr sendiráðum Bandaríkjanna ætlar Wikileaks að birta á heimasíðu sinni.

Meðal þess sem fram kemur

- Hilary Clinton, utanríkisráðherra Bandaríkjanna, fyrirskipaði að njósna skyldi um forystumenn Sameinuðu þjóðanna.
- Meint tengsl ríkisstjórnar Rússlands og skipulagðrar glæpastarfsemi eru reifuð.
- Sagt er frá samtali forseta Jemens og bandarísks hershöfðingja um árásir á al Kaída-liða í Jemen þar sem forsetinn segir: „Við munum halda áfram að segja að sprengjurnar séu frá okkur, ekki ykkur."
- Fjölmörgum stjórnmálamönnum er lýst í skjölunum á berorðari hátt en vanalegt er í samskiptum milli þjóða.
- Nokkrir breskir stjórnmálamenn, þar á meðal David Cameron forsætisráðherra, eru gagnrýndir í skjölunum.

Välj.

Eða **veldu** eins og sagt er á íslensku. Nýtt samstarf SAS og Icelandair þýðir að núna áttu möguleika á að velja á milli miklu fleiri áfangastaða en áður.
Við bjóðum nú uppá þann möguleika að bóka flug til Evrópu og lengra á frábæru verði á **www.flysas.is**

Berlín	Ósló	**Bergen**
München	**Kaupmannahöfn**	London
Hamborg	Stokkhólmur	**París**
Varsjá	**Helsinki**	Frankfurt
Zürich	Gautaborg	**Peking**
Mílanó	**Stafangur**	Tokyo
Vilnius	Þrándheimur	**Bangkok**

Ávallt með SAS
Engin dulin gjöld - innritun án endurgjalds - sætabókun án endurgjalds
Farangursheimild án endurgjalds - EuroBonus-punktar - 25% barnaafsláttur

flysas.is

ICELANDAIR

SAS
Scandinavian Airlines

A STAR ALLIANCE MEMBER

FYRIRTÆKI
Farsíminn hluti af Símavist

Í Símavist eru farsímar hluti af IP símkerfinu og er greitt fast mánaðargjald á hvern notanda.

Við erum sérfræðingar í rekstri símkerfa

Öll símtöl innan fyrirtækis á 0 kr.

Það er Síminn
800 4000 • siminn.is

ENNEMM / SÍA / NM42877

Frost á höfuðborgarsvæðinu fór niður í mínus sjö gráður aðfaranótt sunnudags:

Kaldast það sem af er vetri

VEÐUR Mesta frost sem mælst hefur á höfuðborgarsvæðinu það sem af er vetri mældist mínus sjö gráður aðfaranótt sunnudags að sögn veðurfræðings hjá Veðurstofu Íslands. Vetur konungur er því farinn að láta til sín finna eftir óvenjuhlýjan októbermánuð. Til að mynda var hann sá hlýjasti í Reykjavík frá 1985.

Kalt var víðast hvar á landinu um helgina en hægviðri og heiðskírt. Á sunnudag var kaldast við Mývatn, sautján stiga frost, en hlýjast á Bjargtöngum þar sem hitinn fór upp í fjórar gráður.

Veðrið fer hlýnandi í dag, með einhverri úrkomu vestan til og hitinn verður víðast hvar ofan við frostmark fram eftir viku nema austanlands. Þar er ekki búist við að hitastigið fari upp fyrir frostmark fyrr en um miðja vikuna.

Samkvæmt veðurspám er reiknað með að það kólni aftur í vikulok og hitastigið fari niður í svipað frost og var um helgina með norðvestlægri átt. Norðanlands geta því orðið él en syðra er úrkomulítil spá og veður bjartara þótt ekki sé búist við jafn heiðskíru og stilltu veðri og var um nýliðna helgi. - jma

VETURINN LÉT AÐ SÉR KVEÐA Veðrið var óvenjufallegt, bjart og stillt en ískalt víðast hvar um helgina. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFAN

Vilja breyta geymslu í miðstöð fyrir íbúa

Borgaryfirvöld skoða nú þann möguleika að breyta umdeildri geymslu Orkuveitunnar við Austurbæjarskóla í félagsmiðstöð. Upplýsingafulltrúi OR segir fyrirtækið þurfa kaupanda að geymslunni áður en það finnur og festir sér nýja.

SKIPULAGSMÁL Borgaryfirvöld skoða nú þann möguleika að innrétta félagsmiðstöð í geymslu Orkuveitunnar við Austurbæjarskóla.

Foreldrar barna í Austurbæjarskóla hafa lengi haft horn í síðu notkunar Orkuveitunnar á geymslunni sem er í gamalli dreifistöð við suðurenda skólans. Telja foreldrarnir slysahættu af umferð flutningabíla. Hugmynd um að breyta geymslunni í félagsmiðstöð fyrir unglinga hefur lengi verið á kreiki. Kjartan Magnússon, borgarfulltrúi Sjálfstæðisflokks, lagði í október fram tillögu í Íþrótta- og tómstundaráði að þessi möguleiki yrði kannaður og var það samþykkt. Í fyrravetur kannaði framkvæmdasvið borgarinnar hvort þetta væri yfirleitt hægt og reyndist svo vera. Því muni þó fylgja talsverður kostnaður því geymslan uppfylli engar kröfur sem íverustaður.

KJARTAN MAGNÚSSON

EIRÍKUR HJÁLMARSSON

„Það liggur fyrir að það þyrfti að gera umtalsverða breytingar á þessu húsnæði svo það verði nothæft sem félagsmiðstöð," segir Kjartan og útskýrir að hugmyndin sé sú að miðstöðin verði fjölnota og meðal annars nýtast fyrir almennt félagsstarf í hverfinu. „Það eru ýmsar útfærslur á borðinu. Meðal annars hafa foreldrarnir lýst því yfir að þeir séu reiðubúnir að leggja mikla sjálfboðavinnu af mörkum til að gera þetta að veruleika, Þá sé rætt um aðkomu Tækniskólans að verkinu."

Eiríkur Hjálmarsson, upplýsingafulltrúi Orkuveitunnar, segir fyrirtækið þegar hafa svipast um eftir hentugu húsnæði til að leysa geymsluna í Austurbæjarskóla af hólmi. Hann útskýrir að mikilvægt sé fyrir fyrirtækið að hafa lagerhúsnæði á þessum slóðum.

„Þessi geymsla gerir það að verkum að viðbragðstími vegna bilana í Vesturbænum er styttri en ella," segir Eiríkur sem kveður Orkuveituna nú fyrst og fremst bíða næstu skrefa hjá borginni.

„Því mun fylgja kostnaður og við getum ekki lagt út í hann fyrr en kaupandi er fundinn að núverandi geymslu."

gar@frettabladid.is

GEYMSLAN Kefli og spennar eru meðal þess sem Orkuveitan getur gripið til í geymslu sinni við Austurbæjarskóla verði bilun þar í nágrenninu. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Hvernig er geymslan og hvað þarf að...?

Húsnæðið er um 385 fermetrar að stærð, brúttó, á einni hæð en með um sjö metra lofthæð. Því er skipt niður í tvö aðalrými með steyptum veggjum og súlum. Meðfram Egilsgötu er um sex metra breiður salur og átján metra langur en miðhluti húsnæðisins er aðalrýmið með þremur hliðarrýmum, sem aðskilin eru með steyptum veggjum og súlum.

Vegna mikillar lofthæðar er hægt að koma fyrir um 155 fermetra millilofti án þess að skerða dagsbirtu í heildarrýminu að ráði. Gólfflötur rýmisins gæti því orðið um 540 fermetrar.

Ráðast þarf í endurbætur á húsnæðinu ef nýta á það til félagsstarfs. Samkvæmt minnisblaði Framkvæmdasviðs þarf að einangra húsnæðið og koma fyrir vatns-, hita- og frárennslislögnum auk loftræstibúnaðar. Einnig þurfi að skera glugga í útveggi að porti og skólanum og huga vel að lýsingu sem og hljóðvist.

Heimild: Greinargerð með tillögu Kjartans Magnússonar í Íþrótta- og tómstundaráði.

Skólameistari Fjölbrautaskólans við Ármúla ranglega áminntur árið 2008:

Áminningin dregin til baka

MENNTAMÁL Katrín Jakobsdóttir menntamálaráðherra hefur dregið til baka áminningu sem forveri hennar í embætti veitti Gísla Ragnarssyni, skólameistara Fjölbrautaskólans við Ármúla, í kjölfar álits umboðsmanns Alþingis.

Skólameistarinn var árið 2008 sakaður um að hafa oftalið fjölda nemenda sem luku prófi í dönsku við skólann árið 2005, með þeim afleiðingum að fjárframlög ríkisins til skólans hafi verið hærri en þau hefðu átt að vera. Hann var í kjölfarið áminntur.

Baldur Gíslason, skólameistari Tækniskólans, var áminntur fyrir sömu sakir. Hann ætlar nú að fara fram á að áminning hans verði dregin til baka. Þrír skólameistarar til viðbótar fengu tiltal.

Gísli og Baldur sögðu frá upphafi að ásakanirnar væru tilhæfulausar. Þeir óskuðu báðir eftir því að ráðuneytið drægi áminninguna til baka, en því var hafnað.

Gísli skaut málinu í kjölfarið til umboðsmanns Alþingis, sem komst nýverið að þeirri niðurstöðu að Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, þáverandi menntamálaráðherra, hafi ekki gætt jafnræðis þegar hún áminnti Gísla en veitti þremur öðrum skólameisturum tiltal vegna sambærilegra saka.

Í kjölfarið óskaði Gísli eftir því að menntamálaráðherra drægi áminninguna til baka, og varð ráðherra við því 4. nóvember síðastliðinn.

Umboðsmaður tók ekki afstöðu til þess hvort ásakanirnar áttu við rök að styðjast. - bj

GÍSLI RAGNARSSON BALDUR GÍSLASON

Nikon D3100

FRÁBÆR FJÖLSKYLDUMYNDAVÉL

– auðveld í notkun með Guide mode, tekur frábærar myndir og kvikmyndir í háskerpuupplausn

Nikon

At the heart of the image

Nú fylgir með D3100 aukahlutapakki sem inniheldur vandaða ljósmyndabók, 4 GB minniskort og Acme Made tösku að verðmæti 14.995.-

D3100 18-55VR kit Verð 129.995.-

Nikon SCHOOL INTRO

Nýjung á Íslandi!

Nikon skólinn
Innifalið í kaupum er
2,5 klst. byrjendanámskeið á D-SLR
(verðmæti: 12.000 kr.)

I AM YOUR BEST WINTER DEAL

MEÐ **COOLPIX S3000**
TEKUR ÞÚ BETRI MYNDIR

Nú fylgir með Nikon COOLPIX S3000 aukahlutapakki sem inniheldur 4 GB minniskort og Golla tösku að verðmæti 8.995.-

S3000 Verð 26.995.-

Með öllum Nikon vélum fylgir íslenskur leiðarvísir.

Tilboð gildir 26. nóvember til 31. desember eða meðan birgðir endast.

SÖLUAÐILAR Á HÖFUÐBORGARSVÆÐINU

Heimilistæki – Suðurlandsbraut 26, 108 Reykjavík – 569 1500 - www.ht.is
Sjónvarpsmiðstöðin – Síðumúla 2, 108 Reykjavík – 568 9090 – www.sm.is
Beco – Langholtsvegi 84, 104 Reykjavík – 533 3411 - www.beco.is
Fotoval – Skipholti 50b, 105 Reykjavík – 553 9200 – www.fotoval.is
MAX – Kauptún 1, 210 Garðabær – 412 2200 – www.max.is
Hagkaup – Smáralind, 201 Kópavogur – 563 5000 – www.hagkaup.is
Tölvulistinn – Reykjavík, Hafnarfirði – 414 1700 – www.tl.is

SÖLUAÐILAR Á LANDSBYGGÐINNI

Samkaup – Borgarnesi, Blönduósi, Egilsstöðum, Seyðisfirði, Fáskrúðsfirði, Grundarfirði, Ísafirði; Hljómsýn – Akranesi; Blómsturvellir – Hellissandi; Skipavík – Stykkishólmi; Snerpa – Ísafirði; Kaupfélag V-Húnvetninga – Hvammstanga; Smárabær – Blönduósi; Skagfirðingabúð – Sauðárkróki; Verslunin Pan – Neskaupstað; Geisli – Vestmannaeyjum; Mosfell – Hellu; Heimilistæki – Reykjanesbæ, Selfossi, Akureyri og Húsavík; Tölvulistinn – Akureyri, Egilstaðir, Selfoss og Reykjanesbæ.

skoðun

greinar@frettabladid.is

Er meirihlutanum sama um stjórnarskrána?

Af hverju kusu svo fáir?

Stjórnlagaþingið er merkileg tilraun í lýðræðislegum stjórnarháttum. Það er nýtt fyrir Íslendingum að geta farið framhjá stjórnmálaflokkunum við kosningar og að kjósa einvörðungu persónur, sem bjóða sig fram á eigin forsendum. Það er sömuleiðis nýtt fyrir okkur að kjósa þing sem hefur það eina verkefni að endurskoða stjórnarskrána. Hún er grundvöllurinn undir alla aðra löggjöf í landinu en hefur þó aldrei verið í forgangi hjá okkar háa Alþingi. Þingmenn hafa í meira en sextíu ár gert margar atrennur að heildarendurskoðun á plagginu en aldrei náð lendingu. Flokks- og kjördæmahagsmunir hafa þvælzt fyrir.

SKOÐUN

Ólafur Þ. Stephensen
olafur@frettabladid.is

Af þessum sökum mátti ætla að Íslendingar tækju kosningunum til stjórnlagaþings fagnandi. Það eru vissulega vonbrigði að meirihluti þjóðarinnar ákvað að sitja heima. Fara þarf heila öld aftur í tímann til að finna dæmi um jafnslaka þátttöku í almennum kosningum.

Margar ástæður geta verið fyrir þessu. Mörgum þótti kosningafyrirkomulagið vafalaust flókið; að þurfa að skrifa margar tölur á blað í stað þess að setja einfaldan kross eins og venjulega. Fjöldi frambjóðendanna spilaði áreiðanlega líka inn í. Þótt út af fyrir sig sé jákvætt að á sjötta hundrað manns taldi sig eiga erindi í framboð til stjórnlagaþings, gerði þessi gríðarlegi fjöldi að verkum að fjölmiðlar gátu ekki kynnt frambjóðendur með góðu móti og á milli þeirra varð ekki til nein umræða að ráði, sem gat varpað ljósi á mismunandi áherzlur og ýtt við fólki að taka afstöðu.

Það kann sömuleiðis að hafa spilað inn í að þetta eru þriðju kosningarnar á árinu og örari kosningar draga iðulega úr þátttöku. Það er reynslan frá löndum, þar sem þjóðaratkvæðagreiðslur eru tíðar og hugsanlega þurfum við að búa okkur undir að kjörsókn fari minnkandi, því að það virðist nú nokkuð almenn skoðun, jafnt á Alþingi og meðal frambjóðenda til stjórnlagaþings, að gefa eigi almenningi í auknum mæli kost á að greiða atkvæði um ýmis mikilvæg mál.

Hugsanlegt er að meirihluti þjóðarinnar hafi ekki talið neina þörf á að endurskoða stjórnarskrána. Sé það raunin, kann meirihlutinn þó að hafa gert mistök með því að sitja heima, vegna þess að þá hafa þeir sem vildu breytingar fremur mætt á kjörstað og þá kosið frambjóðendur sem vilja gera miklar breytingar. Hvort það er raunin, kemur í ljós þegar lokið verður við að telja upp úr kjörkössunum.

Svo geta einhverjir hafa álitið kosninguna tómt píp og peningaeyðslu og stjórnlagaþing ranga aðferð til að endurskoða stjórnarskrána. Þeir hinir sömu hefðu samt ekki átt að sitja heima, heldur mótmæla með hefðbundnum hætti með því að koma á kjörstað, en skila auðu.

Verst af öllu er ef hin litla kosningaþátttaka er til merkis um að meirihluti Íslendinga láti sér einfaldlega standa á sama um stjórnarskrána og stjórnskipunina. Ef svo er, eigum við að hafa áhyggjur af lýðræðisvitund almennings. Þá kann að vera að við viljum aðeins fara á kjörstað þegar það snertir áþreifanlega hagsmuni okkar, en höfum litlar áhyggjur af því hvers konar grundvöllur er lagður að samfélaginu sem við búum í.

FRÁ DEGI TIL DAGS

Kjörsóknin léleg

Kosningaþátttaka í stjórnlagaþingskosningunum var dræm á alla mælikvarða. Guðrún Pétursdóttir, formaður stjórnlaganefndar, reyndi ekki að draga dul á þá staðreynd en benti réttilega á að ástæðurnar fyrir fámenninu geta verið margar. Frambjóðendurnir sjálfir brugðust við tíðindum á ólíkan máta.

Gleðiefni fyrir kjósendur?

Eiríkur Bergmann Einarsson dósent sagði kjörsóknina vera gleðiefni fyrir kjósendur: „Kjósendur ættu bara að vera glaðir með dræma kjörsókn því þá vega atkvæði þeirra bara meira."

Illugi Jökulsson ritstjóri sagði 40 prósent þjóðarinnar vel marktækan hóp: „Þeir sem nú hafa hag af því að dæma stjórnlagaþingkosningarnar misheppnaðar vegna lítillar kjörsóknar eru einmitt þeir sömu og vildu alls ekki kosningarnar. Spilið ekki upp í hendurnar á þeim. Fjörutíu prósent þjóðarinnar eru vel rúmlega marktækur hópur, og þeir sem verða kosnir á stjórnlagaþingið geta spilað frábærlega úr þessari niðurstöðu."

Stjórnlagaþingið farsi?

Skafti Harðarson rekstrarstjóri taldi kjörsóknina aftur á móti vera til marks um það að kjósendur hefðu hafnað þinginu: „kjörsóknin er talin vera einhvers staðar í kringum 40%. Ef rétt er þá hefur meirihluti kjósenda hafnað þeim farsa sem þetta stjórnlagaþing er."

Að kjarna málsins komst hins vegar Vilhjálmur Þorsteinsson stjórnarformaður í stuttri færslu á Facebook: „var að vonast til þess fyrirfram að kjörsókn slefaði yfir 50%, en virðist ekki verða að ósk sinni. Það eru vonbrigði, en við gerum gott úr þessu samt." magnusl@frettabladid.is

HALLDÓR

Útskriftargjöfin til háskólanema

Menntamál

Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir
þingmaður

Það setti að mér hroll, þegar ég sá auglýsinguna frá Bandalagi háskólamanna undir yfirskriftinni „útskriftargjöf til háskólanema" og svo var mynd af farmiða til útlanda – en bara aðra leiðina. Er þetta sú leið, sem ríkisstjórnin vill fara? Búa til þjóðfélag, sem hrekur burt hæfasta og menntaðasta fólkið?

Háskólamenntun er forsenda nýsköpunar, enda er einn af gangráðum hagvaxtar vel menntuð þjóð. Rannsóknir sýna að allt að 20% hagvaxtar á Íslandi á árunum 1970 til 1992 má rekja til fjárfestingar í menntun. Einmitt þess vegna verður að forðast flatan niðurskurð á háskólastiginu, eins og stjórnvöld vilja gera.

Nýlega sat ég fund á vegum EFTA og ESB um uppbyggingu nýsköpunar, mennta- og rannsóknarsamfélagsins til 2020. Þar voru menn sannfærðir um að efling þessara þátta myndi leiða Evrópuþjóðir fyrr út úr þeim þrengingum sem þær standa frammi fyrir og styrkja undirstöður samfélagsins. Það sama gildir að sjálfsögðu um Ísland.

Við eigum að halda áfram uppbyggingu háskóla. Við eigum að efla rannsóknar- og þróunarstarf á háskólastiginu en milli velmegunar þjóða og öflugs þekkingarsamfélags liggja sterk bönd. Það gerum við annars vegar með markvissu samstarfi háskóla og hins vegar með sameiningu háskóla. Við verðum að reyna að gera meira fyrir minna. Það er ákall um krefjandi nálgun svo hægt verði að standa vörð um háskólastarfið, kennslu og rannsóknir, til lengri tíma. Héraðshöfðingjar verða að sjá hagsmuni heildarinnar í þessu máli. Þar vegur áherslan á gæði þungt.

Við þurfum að auka hagvöxt. Mennta- og vísindasamfélagið er tæki til þess. Verkefni stjórnmálanna er að byggja á því sem vel er gert og sækja fram á réttum forsendum. Efla þarf menntun ungs fólks í tæknigreinum til að uppfylla áætlaða þörf í hátækniiðnaði á næstu árum. Ríkisstjórnin hefur ákveðið að fara þveröfuga leið. Sækja ætti í smiðju þeirra þjóða þar sem best hefur tekist til á þessu sviði og hvernig þjóðir eins og Finnar forgangsröðuðu á erfiðum tímum í ríkissfjármálum.

Það kemur samfélaginu öllu til góða að reka öfluga háskóla. Að minnka fjárfestingu til þessa málaflokks með flötum niðurskurði líkt og ríkisstjórnin leggur til er glapræði. Við getum hagrætt. Við getum sparað. En gerum það rétt. Þorum að forgangsraða í þágu framtíðarinnar. Þannig að flugmiði barnanna okkar verði fram og til baka. Við viljum fá fólkið okkar aftur heim.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Ingibjörg S. Pálmadóttir FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI: Ari Edwald RITSTJÓRI: Ólafur Þ. Stephensen olafur@frettabladid.is AÐSTOÐARRITSTJÓRI: Steinunn Stefánsdóttir steinunn@frettabladid.is Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Issn 1670-3871

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík SÍMI: 512 5000, ritstjorn@frettabladid.is FRÉTTASTJÓRAR: Arndís Þorgeirsdóttir arndis@frettabladid.is, Kristján Hjálmarsson, kristjan@frettabladid.is Trausti Hafliðason trausti@frettabladid.is og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál) hdm@frettabladid.is
HELGAREFNI: Sigríður Björg Tómasdóttir sigridur@frettabladid.is MENNING: Bergsteinn Sigurðsson bergsteinn@frettabladid.is ALLT OG SÉRBLÖÐ: Roald Eyvindsson roald@frettabladid.is og Sólveig Gísladóttir solveig@frettabladid.is
ÍÞRÓTTIR: Henry Birgir Gunnarsson henry@frettabladid.is LJÓSMYNDIR: Pjetur Sigurðsson pjetur@frettabladid.is FRAMLEIÐSLUSTJÓRI: Kolbrún Ingibergsdóttir kolbrun@frettabladid.is

Bestu manna yfirsýn

Í DAG

Guðmundur Andri Thorsson
rithöfundur

Minnihlutinn mætti. Meirihlutinn afþakkaði að taka þátt í Íslandssögunni. Meirihluti kjósenda hirti ekki um að velja sína fulltrúa til að setjast á rökstóla um það hvernig þjóðfélag skuli byggja hér upp á rústum sem eru ekki bara efnahagslegar heldur líka siðferðilegar, pólitískar, hugmyndalegar og lögfræðilegar. Um árabil höfum við fylgst með því hvernig Ísland hefur verið improvíserað frá degi til dags, reglur sveigðar að þörfum eða hreinlega hundsaðar. Stjórnlagaþings bíður það verkefni að skrifa nótur; koma hér á meiri festu í starfsháttum með því að sjá til þess að „undirstaðan sé réttleg fundin“.

Því eins og ég heyrði Þórarin Eldjárn tala um á dögunum: stjórnarskrá er afleitt orð um fyrirbærið og væri nær að nota sama orðið og Danir sem tala um „grundlov“ í þessu sambandi, grundvallarlög.

Til hvers fulltrúalýðræðið?

Minnihlutinn mætti – um 40 prósent segja menn á hádegi á sunnudegi þegar þetta er skrifað. Kannski ekki alveg jafn smánarlega fáir og mættu í atkvæðagreiðslu um Reykjavíkurflugvöll en fráleitt jafn margir og mættu í Icesave-atkvæðagreiðslu (63 prósent) til að greiða atkvæði um nei eða nei, en þó fyrst og fremst senda skýr skilaboð um að íslenska þjóðin teldi sig ekki bera ábyrgð á falli bankanna og gerði ekkert með þær skuldbindingar sem ráðamenn hennar hefðu undirgengist fyrir hennar hönd – það er að segja: hafnaði í reynd fulltrúalýðræðinu; tók umboðið af ráðherrum og samningamönnum í þessu tiltekna máli, sem enn er svífandi í einhvers konar ráðleysis-limbói.

Kannski hefur fólki snúist hugur aftur. Fulltrúalýðræðið hefur nefnilega sína kosti. Við getum sett fólk sem við treystum í að ráða fram úr málum sem eru of flókin og sérhæfð til að við getum sjálf gert það – fólki sem við teljum að starfi í anda þeirrar lífsýnar sem við aðhyllumst sjálf. Og í framhaldi af því: Við getum sett fólk sem við treystum, teljum réttsýnt og sanngjarnt, í að taka ákvarðanir um þjóðarhag sem við myndum ekki vilja taka sjálf en vitum innst inni að þarf að taka: Óvinsælu ákvarðanirnar sem við tölum hástöfum gegn en viljum samt að einhver taki, til að þjóðfélagið fari ekki á hausinn.

> Hvernig á maður að velja tuttugu og fimm manns úr fimmhundruð manna hópi þar sem maður þekkir meira og minna engan?

Þess vegna er hugmyndin um þjóðaratkvæðagreiðslur um stór mál og smá ekki góð – og einkum mál sem varða útgjöld.

Þau sem heima sátu

Af hverju var svona illa mætt? Fyrir því eru sjálfsagt ýmsar ástæður. Við þekkjum afstöðu lögfræðinganna úr Sjálfstæðisflokknum sem stjórnuðu landinu frá stríðslokum með nú heimsfrægum árangri: þeir höfðu aldrei heyrt hlægilegri hugmynd en þá að þjóðin ætti að kjósa til Stjórnlagaþings. Vera má að sumt fólk hafi lesið Moggann og hugsað sem svo: já þetta er alveg satt, auðvitað á ég ekki að hafa neitt um þessi mál að segja.

Aðrir gætu hafa látið sér vaxa í augum hversu flókið það virtist að setja á blað allar þessar tölur. Og allt þetta fólk í framboði! Hvernig á maður að velja tuttugu og fimm manns úr fimm hundruð manna hópi þar sem maður þekkir meira og minna engan?

Í aðra röndina var eitthvað hrífandi við þennan fjölda – hundrað blóm að streitast við að blómstra – og glettilega skemmtilegt að hlusta á viðtölin í útvarpinu þó að fólk væri vissulega mjög misjafnlega vel undirbúið – en eftir á að hyggja hefði kannski farið betur á því að setja einhverjar skorður, gera það að smáfyrirhöfn að bjóða sig fram, þannig að við hefðum fengið ungis þá frambjóðendur sem virkilega voru að þessu af heilum hug og jafnvel hugsjón. Þessar kosningar voru svolítið til marks um að enn eins og verið sé að improvísera Ísland frá degi til dags.

Um það þýðir ekki að fást. Því fylgdi einkennileg og góð tilfinning að vita nokkurn veginn hvað maður var að kjósa – að atkvæði manns myndi nýtast einhverju af því fólki sem maður valdi úr glæsilegum hópi, frekar en að það myndi að lokum gagnast einhverjum allt öðrum frambjóðanda úr allt öðrum flokki í allt öðru kjördæmi… sem óneitanlega er fylgifiskur hlutfallskosninga í flokkakerfi sem endurspeglar ekki lengur ágreiningsmál og úrlausnarefni okkar daga.

Við höfum nú kosið okkur bestu manna yfirsýn. Nú bíður þessa fólks mikið og göfugt verkefni. Við höfum nú kosið það fólk sem við teljum best til þess fallið að leggja grunninn að gróandi þjóðlífi.

AF NETINU

Hvað vill þjóðin?

Þjóðin vill ekki þá þingmenn sem nú sitja, ekki ríkisstjórnina og hún vill ekki stjórnlagaþing. Það er erfitt að ráða í þetta. Ég er einn þeirra sem sá ekki ástæðu til að kjósa sérstakt stjórnlagaþing. Það er Alþingis að breyta stjórnarskránni og það á og verður að gera auknar kröfur til þess fólks sem þangað er kosið, þannig að það verði hæft til að breyta stjórnarskránni einsog þarf, ef þess þarf.

Hitt er annað, ég kaus í gær. Ég fyllti tuttugu og fimm nöfn á seðilinn, en skipti um skoðun og valdi ellefu. Ég vonaði af einlægni að kosningin tækist vel. Yrði nokkurskonar þjóðhátíð. Virkaði sem ákall á Alþingi. Það gekk eftir.

sme.midjan.is

Sigurjón M. Egilsson

Þjóðin er óhæf

Öll saga lýðveldisins sýnir, að Íslendingar eru óhæfir um að stjórna sér. Hrunið er eðlileg niðurstaða samfélags, þar sem fífl kjósa fífl til að auðvelda fíflum að stela peningum. Ekki bætir úr skák, þegar þjóðin fær í fyrsta sinn tækifæri til að kjósa persónur framhjá fjórflokknum. Þá nennir neyzlufólk bara alls ekki á kjörstað. Unga fólkið liggur uppi í sófa og étur popp. Innan við helmingur á kjörskrá nennir að uppfylla skyldur borgara í lýðræðisþjóðfélagi. Því skulum við leita á náðir Evrópu og evru. Þeim mun fyrr náum við þeirri farsælli stöðu að geta látið aðra um að stjórna okkur.

jonas.is

Jónas Kristjánsson

Vonbrigði

Stjórnlagaþing

Andrés Helgi Valgarðsson
nemandi í stjórnmálafræði

Ég á engin orð til að lýsa vonbrigðum mínum í dag. Ég vona að Íslendingar muni þennan dag næst þegar þeir kvarta undan stjórnarfarinu á Íslandi. Næst þegar þeir kvarta undan því hvað kvótakerfið sé ósanngjarnt. Næst þegar þeir tala um hvað stjórnmálaflokkarnir hafa mikil völd og hvað þrískipting ríkisvaldsins sé léleg á Íslandi.

> Fyrst við gripum ekki þetta tækifæri þegar það gafst, þá getum við engum öðrum en sjálfum okkur um kennt næst þegar einhver gengur á lagið.

Ég vona að þjóðin minnist þessa dags næst þegar hún kvartar undan pólitískum stöðuveitingum og dómaraskipunum. Næst þegar menn væla yfir því að eignarhald yfir auðlindum landsins sé á leið í einkaeigu, vona ég að þeir minnist þessa dags. Næst þegar menn tala um hvað persónukjör sé sniðugt og hvað það sé ósanngjarnt að hafa misjafnt atkvæðavægi milli landshluta, þá eiga þeir að muna eftir þessum degi. Næst þegar eitthvað verður einkavætt í hendur á vinum stjórnmálaleiðtoga, þá eiga menn að muna þennan dag.

Við höfðum tækifæri til að sýna vilja okkar sem þjóð. Til að ákveða á hvaða forsendum hér skyldi vera rekið ríki og hvernig því skyldi háttað. Hvað væri í lagi, og hvað væri ekki í lagi. Okkar svar var eitt stór „Meh!“ Okkar skilaboð eru skýr. Okkur er sama, við nennum ekki að pæla í þessu.

Vissulega var dregið úr þessu úr öllum áttum, tíminn var hafður of stuttur, frambjóðendur margir og kynning tæp. Umboð stjórnlagaþingsins var takmarkað af hálfu alþingis, en góð mæting hefði sagt ráðamönnum skýrt og greinilega að þetta væri eitthvað sem við ætluðum að taka alvarlega. Þjóð sem er alvara um það að bæta úr sínum málum hefði ekki látið svona hraðahindranir stoppa sig.

Við sögðum skýrt og greinilega að okkur væri bara skítsama. Að þó við hefðum orðið reið fyrst um sinn eftir hrun, þá nenntum við þessu ekki lengur, reiðin gleymd og baráttuviljinn úr okkur.

Næst þegar það verða mótmæli á Austurvelli, á ég þá að nenna að mæta? Næst þegar eitthvað stórt og ósanngjarnt gerist, á ég þá að nenna að æsa mig?

Fyrst við gripum ekki þetta tækifæri þegar það gafst, þá getum við engum öðrum en sjálfum okkur um kennt næst þegar einhver gengur á lagið. Fullt af fólki vill landi sínu og þjóð vel, og er tilbúið að leggja ógnarmikið á sig til að bæta leikreglurnar í landinu okkar. En það er bara algjörlega ómögulegt að hjálpa þjóð sem nennir ekki að hjálpa sér sjálf.

SETTU ÞITT KYNNINGAREFNI INN Í FRÉTTABLAÐIÐ

Notaðu mest lesna blað landsins til að dreifa kynningarefni til þinna viðskiptavina. Það er hvergi betri staður fyrir fjölpóst en inni í Fréttablaðinu því það tryggir að auglýsingaefnið lendi á eldhúsborðinu þegar blaðið er opnað.

93% landsmanna hafa aðgang að Fréttablaðinu.

Kannaðu dreifileiðir í síma 512 5448 eða í tölvupóstfangi orn@365.is

FRÉTTABLAÐIÐ

Fjölpóstur með Fréttablaðinu skilar árangri!

Takk!
907 2002
Hjálparstarf kirkjunnar
www.help.is

tímamót

timamot@frettabladid.is

GEORGE HARRISON
tónlistarmaður og bítill (1943-2001) lést þennan dag.
„Slúður er útvarpsstöð djöfulsins.“

Merkisatburðir

1930 Kommúnistaflokkur Íslands er stofnaður eftir klofningu úr Alþýðuflokknum.

1947 Sameinuðu þjóðirnar stinga upp á skiptingu Palestínu í tvö ríki áður en stjórn Breta lýkur þar en arabar eru eindregið mótfallnir þeim tillögum.

1974 Þjóðverjar setja löndunarbann á íslensk skip í þýskum höfnum.

1986 Lottó, happdrætti rekið af Íslenskri getspá, hefur göngu sína. Fyrsti vinningur gekk ekki út, en hann var 1,2 milljónir króna.

1987 Félagið Ísland-Palestína er stofnað.

1991 Kvikmyndahúsakeðja Árna Samúelssonar tekur upp nafnið Sambíóin.

ÞETTA GERÐIST: 29. NÓVEMBER 1945

Júgóslavía stofnuð

Sósíalíska sambandslýðveldið Júgóslavía var formlega stofnað 29. nóvember 1945. Það var leyst upp árið 1992 í umbrotum stríðsins á Balkanskaga. Sambandsríkin voru sex: Bosnía og Herzegóvína, Króatía, Makedónía, Svartfjallaland, Serbía og Slóvenía.

Undir stjórn Josips Broz Tito kappkostaði Júgóslavía að halda hlutleysi sínu á árum kalda stríðsins og var eitt af stofnríkjum Óháðu hreyfingarinnar sem stofnuð var í Belgrad 1961.

Vaxandi þjóðernisstefna innan sambandsríkjanna sex á níunda og tíunda áratugnum leiddi til uppreisna og innbyrðis átaka sem að lokum leiddu til blóðugrar styrjaldar og upplausnar ríkisins.

Heimild: Wikipedia

BELGRAD VAR HÖFUÐBORG JÚGÓSLAVÍU.

AUÐÞEKKTAR Sagt er að forystufé sé auðþekkjanlegt frá öðru sauðfé, það er yfirleitt hávaxnara og þunnbyggðara en aðrar kindur og sumir halda því fram að augnaráðið sé líka gáfulegra. MYND/JÓN EIRÍKSSON

FÉLAG UM FORYSTUFÉ: VINNUR AÐ UPPBYGINGU FRÆÐASETURS Í SVALBARÐSHREPPI

Setur um einstæða skepnu

„Þarna gefst bæði fræðimönnum og almenningi í fyrsta sinn færi á að nálgast á einum stað heilan hafsjó af fróðleik, rannsóknum, viðtölum og ýmsum öðrum heimildum um þessa einstæðu skepnu, sem hefur löngum notið hylli meðal þjóðarinnar,“ segir Daníel Pétur Hansen, skólastjóri við Svalbarðsskóla og forsvarsmaður áhugafélags um forystufé. Það vinnur að uppbyggingu og rekstri fyrsta fræðasetursins um forystufé á Íslandi, sem stendur til að opna í Svalbarðshreppi í Þistilfirði.

Daníel segir almennan áhuga á forystufé hafa ráðið því að ákveðið var að opna um það setur. „Íslenska forystuféð á sér ekki hliðstæðu í heiminum svo vitað sé og þær fáu skepnur sem flokkast undir það eru búnar einstæðum og verðmætum eiginleikum. Sést það meðal annars af þeim hæfileikum skepnunnar að smala saman og leiða aðrar kindur og rata jafnvel úr erfiðum aðstæðum, til dæmis í óveðrum og myrki, sem hefur eins og gefur að skilja komið sér vel fyrir bændur í gegnum tíðina. Það er því ekki að ósekju að forystukind var dýrari en mjólkurkýr hér á öldum áður,“ segir hann glettinn og tekur nærtækt dæmi þar sem þessir hæfileikar komu vel í ljós.

„Á síðasta ári kom hingað ísbjörn, eins og greint var frá í fréttum, var hérna bara á skólalóðinni fyrir utan gluggann minn og ætlaði að vaða beint í kindurnar en þá lagði forystukindin á flótta með hinar kindurnar í eftirdragi.“

Daníel segir hugmyndina að setrinu ekki eiga sér langan aðdraganda. Hún hafi fyrst borist í tal síðastliðinn vetur, en það hafi þó ekki verið fyrr en með stofnun félagsins í apríl á þessu ári sem ákveðið var að hrinda henni í framkvæmd.

„Síðustu þrjá mánuði höfum við svo verið að viða að okkur alls kyns efni, fengum til liðs við okkur frábæran starfskraft, hana Fanneyju Kristjánsdóttur þjóðfræðing, sem er nú að vinna upp úr heimildum og viðtölum sem hún tók. Þetta er sú grunnvinna sem við munum síðan byggja á,“ útskýrir Daníel og bætir við að ekkert af þessu hefði verið gjörlegt, ef ekki nyti stuðnings við frá ýmsum góðum aðilum. „Framleiðnisjóður landbúnaðarins, landbúnaðarráðherra, Eyþing, Atvinnuþróunarfélag Þingeyinga og núna síðast Menningarsjóður KEA hafa styrkt okkur. Meðan þeir fjármunir endast gerir það okkur kleift að halda þessu góða starfi áfram.“

Daníel getur þess að stór hluti starfsins sé þó unninn í sjálfboðavinnu, þar á meðal gagngerar endurbætur sem er verið að gera á húsnæðinu sem fræðasetrið kemur til með að verða í. „Bæjarfélagið var svo vinsamlegt að gefa okkur gamalt félagsheimili sem hafði staðið hér ónotað í nokkur ár og um þessar mundir erum við að gera það allt upp,“ segir hann og bætir við að svo verði hægt að berja útkomuna augum einhvern tímann á árinu 2012. „Það verður mjög skemmtilegt að sjá þetta allt smella saman, því auk gríðarlegs heimildasafns gefst fólki jafnframt kostur á að kaupa ýmsar flottar afurðir af forystufé, svo sem úr horni, beinum og ull,“ segir hann og bætir við að öllum sé frjálst að ganga í félagið. Áhuginn á forystufé sé eina þátttökuskilyrðið.

roald@frettabladid.is

---

†

Ástkær eiginkona, móðir, dóttir, systir og tengdadóttir,

Guðríður Emmý Bang

sem lést á heimili sínu mánudaginn 22. nóvember, verður jarðsungin frá Kliplevkirkju á Jótlandi þriðjudaginn 30. nóvember kl. 13.00. Minningarathöfn í Reykjavík verður auglýst síðar.

Sigurður Már Bang
Björn Jósef Bang
Guðmundur Árni Bang
Gerður Guðjónsdóttir
Þórey Bang
Arna Gerður Bang
Ágúst Einarsson
Sveindís Þórunn Pétursdóttir
og systrasynir

Hlynur Hilmarsson
Margeir Ingólfsson

---

†

Elskulegi pabbi,

Carl J. Brand

lést á Hrafnistu í Hafnarfirði laugardaginn 20. nóvember. Útförin fer fram frá Fossvogskapellu þann 30. nóvember kl. 15.00.

Elísabet M. Brand
Bergljót B. Brand
barnabörn og barnabarnabörn

---

†

Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, systurdóttir og vinkona,

Ingibjörg Rannveig Guðmundsdóttir
formaður LÍV, Starhaga 14, Reykjavík,

lést á Landspítalanum við Hringbraut miðvikudaginn 24. nóvember, umvafin fjölskyldu og vinum. Útförin fer fram frá Neskirkju, föstudaginn 3. desember kl. 13.00.

Bjarni Jónsson
Andrés Jón Esrason
Jón Eiríksson
Irina S. Ogurtsova

Jenný N. Sigurðardóttir

Legsteinar og fylgihlutir

- Mikið úrval
- Yfir 40 ára reynsla
- Sendum myndalista

MOSAIK Hamarshöfða 4 - 110 Reykjavík
Sími 587 1960 www.mosaik.is

---

†

Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,

Guðni Þórarinn Valdimarsson
Hamrahlíð 21, Vopnafirði,

lést mánudaginn 22. nóvember á Hjúkrunarheimilinu Sundabúð. Útför hans fer fram frá Vopnafjarðarkirkju miðvikudaginn 1. desember kl. 14.00. Þeim sem vilja minnast hans er bent á Minningarsjóð Sundabúðar í síma 470 3077.

Ásta Ólafsdóttir
Valdimar Guðnason
Droplaug Guðnadóttir
Páll Guðnason
Guðrún Anna Guðnadóttir
og barnabörn

Kristján Geirsson
Sigurjón Haukur Hauksson

---

†

Innilegar þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur samúð og vinarhug við andlát og útför elskulegrar móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,

Helgu Ingimundardóttur
Dvalarheimilinu Hlíð Akureyri.

Sérstakar þakkir til starfsfólks í Einihlíð fyrir góða umönnun.

Ásmundur Guðjónsson
Þorsteinn Guðjónsson
Helga Guðjónsdóttir
Haukur Guðjónsson

Erna Melsted
Sigríður Helga Ármannsdóttir
Jón B. Arason
Guðrún Sigríður Hilmarsdóttir

ömmu- og langömmubörn.

Gervijólatré var fyrst búið til í Þýskalandi á tuttugustu öldinni. Í þá daga var tréð búið til úr gæsafjöðrum sem voru litaðar grænar. Upphaflega var farið að búa til gervijólatré þegar skortur var á trjám þar í landi.

Sölufulltrúar: **Jóna María Hafsteinsdóttir** jmh@365.is 512 5473 **Þórdís Hermannsdóttir** thordish@365.is 512 5447

weber

Frábært úrval af gjafavörum frá Weber

Söluaðilar.: Járn og gler hf - Garðheimar - Húsasmiðjan - Búsáhöld Kringlunni - Byggt og Búið - Pottar og Prik Akureyri. www.weber.is

mikið úrval af nýjum vörum opið laugardaga til jóla 11-16

Fyrir bústaðinn og heimilið

Opið: má-fö. 12:30 -18:00, lau 11:00-16:00
Dalvegi 16a, Rauðu mársteinshúsunum Kóp.201
S: 517 7727 nora.is , facebook.com/noraisland

Nóra

FRÉTTIR VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN

MEIRI FRÓÐLEIKUR
Meiri Vísir.

VÍSIR.IS

Ilmur Dögg Gísladóttir, verkefnisstjóri Norræna hússins, á bláan sófa sem hún keypti í Fríðu frænku.

Ilmur Dögg ásamt sonunum Úlfari Högna og Ými Huga í bláa sófanum úr Fríðu frænku.

Vil eiga hann að eilífu

Við kaupum okkur sjaldan húsgögn," segir Ilmur Dögg Gísladóttir og á þar við sig og eiginmanninn, Ágúst Gunnarsson. „Þegar við förum í húsgagnakaup er það eftir margra mánaða þarfagreiningu og pælingar. Nema þegar við sáum bláa sófann fyrir utan verslunina Fríðu frænku. Hann keyptum við algerlega spontant fyrir nokkrum árum á 30 þúsund kall og hann hefur dugað vel. Við förum líka með hann eins og fínan sófa og viljum helst eiga hann að eilífu."

Ilmur býr með Ágústi og þremur börnum í lítilli íbúð. Auk bláa sófans er mosagrænn beddi í stofunni sem Ilmur segir hafa verið keyptan í Bolia í Danmörku eftir langa umhugsun. „Við bjuggum í Danmörku í tvö ár og tókum ekkert með okkur þangað nema föt og bækur en leigðum sumarbústað með því allra nauðsynlegasta. Áður en við fluttum heim afréðum við að kaupa þennan bedda því verðið var mun hagstæðara en heima. Við kjósum frekar að gera eitthvað skemmtilegt fyrir peningana eins og að fara í bíó en að eyða þeim í dýra hluti sem bæta svo litlu við upplifun manns í lífinu."

gun@frettabladid.is

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

IQ-CARE
Ein besta heilsudýna í heimi



Svefn & heilsa

Sofðu vel um jólin

IQ-Care heilsudýnur.
Verð Queen 153x203 cm á íslenskum botni: 179.900 kr.

Íslenskur höfuðgafl 84.900 kr.
(Sé keypt rúm fæst 20% afsláttur af höfuðgafli.)

BOAS
Leður hægindastóll.
Verð 79.900

Leður hægindasófi 3 sæta
Verð frá 169.900
Svefnsófi verð frá 169.900

Úrval af stillanlegum rúmum.
2x80x200 cm með okkar bestu IQ-care heilsudýnu.
Verð frá 339.900 kr.

Listhúsinu Laugardal, 581 2233 • Baldursnesi 6, Akureyri, 461 1150
Opið virka daga kl. 10.00 - 18.00 – laugardaga 12.00 - 16.00

www.svefn.is

Heimilisiðnaðarfélag Íslands býður áhugasömum í prjónakaffi á Amokka í Hlíðarsmára fyrsta fimmtudag í mánuði. Prjónakaffið hefst klukkan 20 en þeir sem vilja geta keypt léttan málsverð milli 18 og 19.30. Eftir það er hægt að kaupa kaffi og meðlæti. Fimmtudaginn næstkomandi verður kynning á nýju prjónabókinni Fleiri prjónaperlur.



TVEIR STÓRGÓÐIR OG MARGAR TEGUNDIR AF FLOTTUM BUXUM Í STÍL





Þeir eru báðir léttfylltir og saumlausir og svaka flottir í B,C,D,DD á kr. 6.990,-

Misty - fyrir allar konur

Laugavegi 178 - Sími: 551 3366
Opið mán.-fös. 10-18. Lau. 10-14.
Góð þjónusta - fagleg ráðgjöf.
www.misty.is
Vertu vinur

B|A|S|L|E|R

VETRARDAGAR

20%
AFSLÁTTUR
AF YFIRHÖFNUM OG PEYSUM

TILVALIÐ Í JÓLAPAKKANN!

Skipholti 29b • S. 551 0770

FRÉTTIR VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN

VÍSIR.IS
Meiri Vísir.

Guðrún Sigríður Sæmundsen og Guðný Ósk Sigurgeirsdóttir standa að baki vefversluninni Alltislenskt.is sem fór í loftið fyrir helgina.
FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Markaðssetja íslenskt

Stöllurnar Guðrún Sigríður Sæmundsen og Guðný Ósk Sigurgeirsdóttir opnuðu vefverslunina alltislenskt.is á föstudaginn var. Þar versla þær með íslenska hönnun og framleiðslu.

„Markmiðið er að selja íslenska hönnun og framleiðslu, bæði hérlendis og erlendis, en vefsíðan er bæði á íslensku og ensku," útskýrir Guðrún Sigríður Sæmundsen, sem opnaði vefverslunina Alltislenskt.is fyrir helgina ásamt Guðnýju Ósk Sigurgeirsdóttur. Hugmyndina höfðu þær gengið með í maganum í tvö ár. Þær eru báðar viðskiptamenntaðar.

„Margir eru með vörur sínar á síðunni sem alls ekki allir vita af. Í mörgum tilfellum vita þeir ekki heldur hvernig best er að koma sér á framfæri og því vildum við opna þennan vettvang. Ætlunin er að síðan verði mjög sýnileg og við viljum líka fá stærri aðila hingað inn en við teljum að markaðssetningin verði sterkari með bæði stærri og minni aðilum á þessu sviði," segir Guðrún.

Húfa úr hreindýraleðri frá Klæðskeranum er á meðal þess sem fæst á síðunni.

Yfirskrift síðunnar er íslensk hönnun og framleiðsla. Framboðið af vörum er því fjölbreytt en um það bil 40 einstaklingar og framleiðendur selja vörur á síðunni. Þar er meðal annars að finna barnavörur, tónlist, útivistarfatnað, ullarvörur, vöruhönnun, myndlistarverk og ljósmyndir.

„Við erum einnig í viðræðum við þónokkra í viðbót sem munu bætast við í framhaldinu," bætir Guðrún við. „Það sem alltislenskt.is hefur kannski fram yfir aðrar síður er hversu vítt svið vörurnar spanna. Eins eru ekki endilega allir menntaðir hönnuðir á alltislenskt.is heldur er þarna alls konar fólk sem er lagið í höndunum."

Á vefsíðunni er hægt að skoða vörur eftir viðkomandi aðila og eins er hægt að skoða eftir flokkum eins og „fyrir hana" eða „börn". „Með hverri vöru fylgir líka lýsing og upplýsingar um hönnuðinn eða framleiðandann að baki vörunni sem er forvitnilegt að lesa. Fólki er síðan velkomið að hafa samband við okkur í sambandi við vörur og framleiðslu. Við erum alltaf tilbúnar að skoða nýja hluti á síðuna."

Patti.is
Landsins mesta úrval af sófasettum



Íslenskir sófar
Yfir 90 mismunandi gerðir.
Mál og áklæði að eigin vali.

Dugguvogi 2 / s: 557 9510 / www.patti.is
Opið : Mánud. - Föstud. frá 9 til 18 og Laugard. frá 11 til 16

HITA KÚTAR
Amerísk gæða framleiðsla
30-450 lítrar
Umboðsmenn um land allt
RAFVÖRUR
DALVEGI 16c · 201 KÓPAVOGI
SÍMI 568 6411 · RAFVORUR@RAFVORUR.IS

Interior Delux, sem heldur úti vefversluninni www.interior-deluxe.com, býður mikið úrval af ljósum, bæði nýjum og gömlum. Þar má finna standlampa, borðlampa, loftljós og ljósakrónur. Undir flipanum nútíma ljósakrónur eða Contemporary Chandeliers má finna þessa mjög svo sjarmerandi þriggja laga krónu eftir Verner Pantona sem hannar fyrir Verpan.

Heimil: www.interior-deluxe.com

LAGERSALA

KRISTALL - GLER - POSTULÍN

NÚPALIND 1 - HVERAFOLD 1-3

HAFNARGATA 50
KEFLAVÍK

Friðbert S. 820 6022 Sölufulltrúi
Rúnar S. 842 5886 Sölufulltrúi
Sigurður S. 896 2312 lögg. fasteignasali
Magnús S. 897 8266 lögg. fasteignasali
Þórarinn S. 770 0309 Sölufulltrúi

Þú hringir, við seljum! 512 4900

LANDMARK
FASTEIGNASALA

Seldu hjá okkur í desember og fáðu veglega jólagjöf.
Kíktu inn á www.landmark.is!

Björn Karlsson brunamálastjóri og Grétar Jónasson, framkvæmdastjóri Félags fasteignasala, hampa handbók um eldvarnir heimilisins.

Fræða um eldvarnir

Félag fasteignasala hefur tekið að sér að dreifa fræðsluefni um eldvarnir til félagsmanna sinna en gert er ráð fyrir að handbók um eldvarnir heimilisins fylgi hverjum gerðum kaupsamningi. Eldvarnabandalagið gefur efnið út og stendur straum af kostnaði.

Grétar Jónasson, framkvæmdastjóri Félags fasteignasala, segist ánægður með að geta tekið þátt í svo mikilvægu verkefni. „Þegar fólk kaupir húsnæði er einmitt gott tilefni til þess að huga að eldvörnum og tryggja að á nýja heimilinu séu nægilega margir reykskynjarar og annar eldvarnabúnaður." Grétar og Björn Karlsson brunamálastjóri skrifuðu undir samkomulag þessa efnis nýverið og gildir það til tveggja ára. Í því segir meðal annars að aðilar séu sammála um mikilvægi þess að auka eldvarnir á heimilum til að draga úr líkum á tjóni.

Í handbók heimilisins um eldvarnir sem Eldvarnabandalagið gaf út á dögunum er að finna upplýsingar og ráð um nánast hvaðeina sem snertir eldvarnir á heimilum. Fjallað er meðal annars um reykskynjara, flóttaáætlun, slökkvibúnað, gas, og eldfim efni, brunahólfun, eldvarnir fjölbýlishúsa og brunatryggingar.

Eldvarnabandalagið er samstarfsvettvangur um auknar eldvarnir heimilanna. Aðild að því eiga: Brunamálastofnun, Eignarhaldsfélagið Brunabótafélag Íslands, Félag slökkviliðsstjóra, Landssamband slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna, Sjóvá-Almennar tryggingar hf., Slysavarnafélagið Landsbjörg, Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins, TM hf., VÍS hf. og Vörður tryggingar hf.

Vandað og vel staðsett parhús í Kópavogi

Fasteignasalan Miklaborg er með á skrá parhús í Hjallahverfi í Kópavogi.

Stofa og borðstofa liggja saman í stóru rými þar sem hátt er til lofts og útgengt á svalir.

Eignin er 214,6 fm parhús með innbyggðum bílskúr, stórum palli og fallegri lóð. Það er smekklega innréttað með vönduðum gólfefnum, góðu skipulagi og rúmgóðum herbergjum. Húsið stendur hátt innst í botnlanga í Hjallahverfi með góðu útsýni.

Komið er inn í forstofu með náttúruflísum á gólfi, hiti er í gólfi. Innaf forstofu er gestabað og innangengt í bílskúr.

Eldhúsið er með mahóní innréttingu, gashelluborði og tækjum með stáláferð. Stofa og borðstofa liggja saman í stóru rými þar sem hátt er til lofts og útgengt út á flísalagðar svalir með góðu útsýni, gegnheilt parket er á gólfum í stofum og eldhúsi en hluti með náttúruflísum. Svalir hússins liggja meðfram tveimur hliðum hússins, í suður og austur.

Stiginn á neðri hæðina er flísalagður. Þrjú svefnherbergi eru á neðri hæð, sjónvarpshol með parketi, flísalagt þvottahús með innréttingum, flísalagt baðherbergi með baðkari, sturtuklefa og viðarinnréttingu. Af gangi neðri hæðar og úr hjónaherbergi er útgengt út á stóra timburverönd með skjólveggjum með heitum potti.

Innkeyrslan er hellulögð með hitalögn. Bílskúrinn er flísalagður með rafmagn og hita, loft er óklætt.

heimili FASTEIGNASALA

Bogi Pétursson lögg. fasteignasali
Finnbogi Hilmarsson lögg. fasteignasali
Andri Sigurðsson lögg. leigumiðlari

530 6500
Skipholti 29a
Opið mán - föst kl 9 -1 7

Ljósheimar - 4ra herb.
Mikið endurnýjuð um 110 fm íbúð á 1. hæð í viðhaldsfríu fjölbýli. Tvennar svalir.
V. 21,9 m.

Jónsgeisli.
Nýlegt 215 fm endaraðhús með innbyggðum 26 fm bílskúr. 4 svefnherbergi og góðar stofur.
V. 47,9 m.

Hrísrimi - 4ra herb.
Góð vel skipulögð 90 fm neðri hæð í enda. Sérinngangur og verönd í sérgarði
V. 21,5 m. Áhv. 16,0 m.

Hamraborg - 3ja herb.
Góð 70 fm íbúð á 2. hæð í lyftuhúsi og stæði í bílskýli. Tvö góð herbergi og suðursvalir.

Selbrekka - Tvær íbúðir.
Mikið endurnýjað 230 fm einbýlishús með 2ja herbergja aukaíbúð á neðri hæð. Nýlegar innréttingar og golfefni, raf- og pípulagnir. Góður bakgarður, sólpallur með heitum potti.
Óskað er eftir kauptilboði.

Hraunbær - 2ja í góðu fjölbýli.
Íbúðin snýr öll til suðurs og er um 60 fm. Endurnýjað eldhús. Gott skipulag.
V. 13,9 m.

Digranesvegur - Sérhæð .
Vel skipulögð 155 fm sérhæð á tveimur hæðum. Fjögur góð svefnherbergi, suðursvalir og útsýni. V. 34,9 m .



Lambastaðabraut - Tvær íbúðir.
Gott mikið endurbætt 190 fm einbýli með góðri einstaklingsíbúð í kjallara. Góðar leigutekjur og hagstæð áhvílandi lán. V. 46,0 m.

Bólstaðarhlíð.
Mjög björt og vel skipulögð 86,6 fm 3ja herbergja íbúð á 2. hæð í vel viðhöldnu fjölbýlishúsi.
Tilboð.

Stóragerði - 3ja herb.
Vel skipulögð 95 fm íbúð á 1. hæð með suðursvölum. Eitt svefnherbergi og tvær samliggjandi stórar stofur ásamt íbúðarherbergi í kjallara.
V. 20,0 m. Laus strax

Laufrimi - 2ja herb.
Góð 67 fm íbúð sem er vel skipulögð og rúmgóð. Parket og flísar á gólfum. Vestursvalir og mikið útsýni
Áhv. 15,3 m frá íbúðalánasjóði.

Kirkjuvellir - lítil útborgun - hagstæð lán.
Glæsileg og mjög rúmgóð 128 fm 4ra herbergja íbúð á 6. hæð með fallegu útsýni.



Klukkuberg - 4 svefnherbergi.
Mjög falleg 126,3 fm efri sérhæð ásamt 36,3 fm bílskúr í mjög góðu tvíbýlishúsi í Hfj.
V. 37,9 m.

Haukdælabraut.
Ný 175 fm parhús á einni hæð með innbyggðum 35 fm bílskúr. Einstök staðsetning í jaðri byggðar við ósnerta náttúruna.
Afhendist tilbúið til innréttinga.

Nánari upplýsingar um allar eignir á www.heimili.is

MIKLABORG - ÖRUGG SALA - MIKLABORG - ÖRUGG SALA - MIKLABORG -

FASTEIGNASALAN

MIKLABORG

569-7000 | Síðumúli 13 | www.miklaborg.is

Óskar R. Harðarson hdl. og lögg. fasteignasali

Jason Guðmundsson hdl. og lögg. fasteignasali

Ragna S. Óskarsdóttir MBA Löggiltur fasteignasali,

Halldór Ingi Andrésson, lögg. fasteignasali

Guðrúnu Pétursdóttur skjalagerð

Hilmar Jónasson sölufulltrúi

Heimir H. Eðvarðsson sölufulltrúi

Elín Viðarsdóttir lögg. fasteignasali

Ólafur Finnbogason sölufulltrúi

Fjárfestar!
Vegna mikils áhuga á fjárfestingum fyrir áramótin hvetjum við ykkur til að vera tímanlega í sambandi við sölumenn okkar.

Goðaborgir

Falleg 3 herb. 86,5 fm endaíbúð
Einstakur útsýnisstaður
Sérinngangur
Þriðja hæð

3ja v. 19,9 m.

Flúðasel

Endaraðhús með bílskúr
4 svefnherbergi
Afgirtur garður
Skipti á minni eign

Raðhús v. 31,5 m.

Marbakkabraut

Einbýlishús með aukaíbúð
Pallabyggt
161 fm með bílskúr
Góð staðsetning

Einbýli v 34,2 m

Viðjugerði

Glæsilegt einbýli
Miðsvæðis í Reykjavík
Innst í botnlanga
3ja herbergja aukaíbúð
Innbyggður bílskúr
317,5 fm skv. FMR

Einbýli v. 77 m.



Austurströnd - góð kaup

Rúmgóðar stofur
- Glæsilegt útsýni
- Stæði í bílageymslu
- Lyfta

2ja v. 16,9 m.

Heiðarhjalli

Vandað 214,6 fm parhús
Glæsileg staðsetning
Mikið útsýni
Stór timburverönd
Innbyggður bílskúr

Parhús v. 59,5m.

Kríuhólar

Endaíbúð
3 góð herbergi ásamt vinnuherbergi
Auðveld kaup
Skipti á stærri eign á höfuðborgarsvæðinu

4ra v. 21m.

Kristnibraut

Glæsileg jarðhæð
Frábært útsýni
122 fm
Góðar stofur
Vönduð eign

4ra v. 25,9 m.

Ánanaust

Glæsileg 3ja herbergja
Aukin lofthæð
Lyftuhús
Allt sér

3ja v. 00 m.

Hverfisgata - Hafnarfirði

Mjög sjarmerandi hús í grónu hverfi
Gagngerar endurbætur að utan og innan
Tvær samþykktar íbúðir

Einbýli v. 35 m.

Seljavegur

Stúdíóíbúð
Vestast í Vesturbænum
Bóhem - loft
Stutt í bæinn

Stúdíó v. 11,9 m.

Rjúpnasalir

Falleg 3ja herb
8 hæð lyftublokk
Stæði í bílageymslu
Vönduð eign
Glæsilegt útsýni

3ja v. 26,5 m.

Lækjasmári

4-5 herbergja, 135,7 fm
Stæði í bílageymslu
Frábær staðsetning
Skipti möguleg á minni eign

4- 5 herb v. 29,9m.

Hraunbær

Björt 3ja herbergja
Yfirtakanleg lán, ca 13 milljónir
Vel viðhaldið fjölbýli
Suðursvalir
